



„Erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum“

Hvert fara konur af erlendum uppruna eftir dvöl í Kvennaathvarfinu?

Hvað segja þær um þjónustuna?

Hildur Guðmundsdóttir

Samtök um kvennaathvarf

Máí 2012

Kærar þakkir

til kvennanna sem gerðu þessa rannsókn mögulega

og

**til velferðarráðuneytisins sem gerði okkur kleift að fá
svör við spurningum okkar með úrbætur að leiðarljósi**



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

ÞAKKIR

Árið 2009 fékk Kvennaathvarfið styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins til að vinna rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leituðu til Kvennaathvarfsins.¹ Niðurstöður hennar sýndu að margar þeirra eru í erfiðri stöðu í íslensku samfélagi og kölluðu jafnframt á frekari upplýsingar. Í framhaldi fannst starfskonum Athvarfsins brýnt að fá svar við þeirri spurningu hvort aðstæður erlendra kvenna á Íslandi hefði áhrif á hvert þær fara eftir dvöl í Kvennaathvarfinu, hvort þær færu frekar heim í óbreytt ástand en íslenskar konur. Starfskonur höfðu jafnframt hug á að athuga hvernig konunum þætti þjónusta Kvennaathvarfsins og hvort hægt væri að mæta betur þörfum þessa hóps.

Þróunarsjóður innflytjendamála veitti Kvennaathvarfinu að nýju styrk til rannsóknarvinnu árið 2011 og viljum við nota tækifærið til að þakka velferðarráðuneytinu kærlega fyrir. Hann gerði starfskonum kleift að komast að þeim niðurstöðum sem hér eru kynntar en rannsóknin hefur að markmiði að efla þekkingu á stöðu erlendra kvenna sem sækja þjónustu í Kvennaathvarfið. Hildur Guðmundsdóttir, mannfræðingur og vaktstýra, sá um framkvæmd rannsóknarinnar. Aðalbjörg Heiður Björgvinsdóttir, sálfræðingur og starfskona, og Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, veittu góða hjálp og ómetanlegan stuðning. Margrét Sveinbjörnsdóttir sá um yfirlestur. Þessar kjarnakonur fá bestu þakkir fyrir. Síðast en ekki síst vil ég þakka fjölskyldu minni ómælda þolinmæði á meðan á rannsókninni stóð.

¹ „I don't know how I ended up here with this man.“ Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið. Samtök um Kvennaathvarf. 2009. Rannsóknina má finna á heimasíðu Kvennaathvarfsins, kvennaathvarf.is.

ÚTDRÁTTUR

Konur af erlendum uppruna á Íslandi eru aðfluttar í nýtt samfélag og eiga þar af leiðandi ekki sterkt bakland. Réttindi kvenna frá löndum utan EES til búsetu á Íslandi eru auk þess oft háð maka fyrstu fjögur árin, sem getur gert þeim erfiðarara fyrir að bregðast við ofbeldi eiginmanna sinna.

Markmið þessarar rannsóknar er í fyrsta lagi að svara þeirri spurningu hvort aðstæður kvenna af erlendum uppruna, og ekki síst þeirra utan EES, leiði til þess að þær fari oftar heim í óbreytt ástand eftir dvöl í Kvennaathvarfinu en íslenskar konur. Til að svara þeirri spurningu var gögnum safnað um allar erlendar konur sem hafa dvalið í Athvarfinu á tímabilinu 24. september 2007 til 31. desember 2011 og stuðst við samanburðarhóp íslenskra dvalarkvenna fyrir sama tímabil. Einnig voru tekin viðtöl við tíu konur sem hafa dvalið í Kvennaathvarfinu. Í öðru lagi er sjónum beint að þjónustu og aðstoð sem konurnar hafa aðgang að og þá sérstaklega Kvennaathvarfsins. Tilgangur þess er að skoða í framhaldi hvernig hægt sé að bæta aðstoð Athvarfsins við þennan hóp kvenna. Þess ber að geta að úrtak rannsóknarinnar er ekki nægilega stórt til að marktækur munur sé á tölulegum niðurstöðum, en þær gefa hugmynd um stöðuna.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 72% kvenna frá löndum innan EES eiga maka af sama uppruna og þær sjálfar en konur utan EES búa oftast með íslenskum manni. Þær fara hlutfallslega oftar heim í óbreytt ástand en konur frá löndum innan EES, eða 43% á móti 25%. Hugsanlega má tengja þennan mun til ólíkra búseturéttinda á Íslandi. Meirihluti kvenna, óháð uppruna, fer í nýjar aðstæður eða heim í breyttar aðstæður eftir dvöl, sérstaklega þó konur frá löndum utan EES.

Konurnar í rannsókninni eru flestar ánægðar með þá þjónustu sem þær hafa notið, hvort heldur er utan eða innan Kvennaathvarfsins. Nokkrar gagnrýna hana og ber þá einna hæst vandamál sem tengjast sambúð með öðrum konum, aðstöðu í húsi Athvarfsins og menntun starfskvenna. Þakklæti í garð Kvennaathvarfsins og annarra þjónustuaðila kemur víða fram í rannsóknargögnum.

ABSTRACT

Women of foreign origin living in Iceland are new to their community and are unlikely to have strong family and social support. Also, for the first four years after arrival in Iceland, women from countries outside the EEA are often dependent on their husband for their residence permit, putting them at greater risk of abuse by their partner.

The first aim of this study is to see whether women of foreign origin, especially those from countries outside the EEA, are more likely to go home to an unchanged domestic situation than Icelandic women. To answer this question, data on all foreign women who have stayed at the Reykjavik Womens Shelter between September 24th 2007 and December 31st 2011 was examined. A group of Icelandic women from the same period served as comparison. Ten residents of the Shelter were also interviewed.

Secondly, focus is on the Shelter's services and support to which the women have access to see how the Shelter can improve its service to this group of women. It should be noted that the population of the study is not large enough to give statistically precise results but some idea of the situation is acquired.

The findings show that 72% of the women from countries within the EEA have a husband of the same origin as themselves, but women from countries outside the EEA usually have an Icelandic husband. 43% of those are likely to go home to an unchanged situation against 25% of women from countries within the EEA. The difference can possibly be explained by the unequal legal position on residence permits. The majority of women leaves the Shelter for a new domestic situation, particularly women from countries outside the EEA.

The women who took part in the research are by and large satisfied with the service they received from the Shelter and elsewhere. A few are critical, mostly about living in close quarters with other women, the facilities of the Shelter itself and of the educational level of the staff. Gratitude toward the Shelter and other service agencies is widespread in the research data.

EFNISYFIRLIT

ÞAKKIR	3
ÚTDRÁTTUR	4
ABSTRACT.....	5
INNGANGUR	10
1. RANNSÓKNIN	12
1.1 Markmið.....	12
1.2 Aðferðafræði	12
1.3 Annmarkar rannsóknarinnar.....	14
1.4 Uppbygging skýrslunnar	15
1.5 Orðanotkun.....	17
2. ÚRTAK.....	18
2.1 Einangrun úrtaka rannsóknarinnar.....	18
2.2 Uppruni þátttakenda – rannsóknarhópur (erlendar konur).....	20
2.3 Aldur og aldursdreifing kvennanna í úrtaki	21
3. AÐSTÆÐUR OG BAKGRUNNUR KVENNANNA Í RANNSÓKNINI	23
3.1 Atvinna/Framfærsla	23
3.2 Fjöldi barna á framfæri.	24
3.3 Dvalarleyfi.....	26
3.4 Tungumálakunnátta	26
3.5 Félagsleg tengsl	27
3.6 Trú.....	28
3.7 Makar þátttakenda af erlendum uppruna	29
3.7.1 Uppruni maka	29
3.7.2 Konur innan EES	30
3.7.3 Konur utan EES	31

4. AÐ TAKA SKREFIÐ.....	32
4.1 Að reyna aftur.....	32
4.2 Hversu oft koma konurnar í Kvennaathvarfið á rannsóknartímabilinu?	34
4.3 Af hverju fara konur heim aftur? Hvað hindrar þær í að yfirgefa manninn?.....	34
5. SVAR VIÐ FYRRI RANNSÓKNARSPURNINGUNNI.....	37
5.1 Hvert fara konur eftir dvöl í Kvennaathvarfinu?.....	37
5.2 Hefur uppruni maka áhrif á hvert erlendar konur fara eftir dvöl?.....	38
5.3 Hvað gerði þér kleift að ljúka sambandinu?	40
5.4 Hverjar eru helstu hindranir fyrir erlendar konur á Íslandi að fara frá ofbeldismanni?	42
6. ÞJÓNUSTA KVENNAATHVARFS	45
6.1 Koma í Kvennaathvarfið.....	45
6.2 Húsið.....	47
6.3 Húsreglur.....	49
6.4 Börnin	50
6.5 Sambúð	51
6.6 Aðstoð.....	53
7. ÖNNUR ÞJÓNUSTA – SAMSTARFSADILAR KVENNAATHVARFSINS	59
7.1 Félag einstæðra foreldra.....	59
7.2 Félagsþjónusta	60
7.3 Barnavernd	63
7.4 Heilbrigðisþjónusta.....	64
7.5 Lögfræðiráðgjöf.....	65
7.6 Lögfræðiþjónusta.....	66
7.7 Lögregla	66
7.8 Sýslumannsembætti	67

7.9 Útlendingastofnun	67
8. LOKAORÐ	68

TÖFLU- OG MYNDAYFIRLIT

Tafla 1: Úrtak - Rannsóknarhópur/erlendar konur.....	19
Tafla 2: Úrtak - Samanburðarhópur/íslenskar konur.....	19
Mynd 1: Uppruni þátttakenda – rannsóknarhópur (erlendar konur)	20
Tafla 3: Aldursdreifing kvennanna	21
Tafla 4: Atvinnuþátttaka kvennanna í rannsókninni	23
Tafla 5: Börn á framfærslu	25
Mynd 2: Uppruni maka - rannsóknarhópur/erlendar konur.....	30
Mynd 3: Uppruni maka/konur innan EES	30
Mynd 4: Uppruni maka/konur utan EES	31
Tafla 6: Hversu oft kemur hver kona?.....	34
Tafla 7: Hvert fara erlendar konur eftir dvöl í Kvennathvarfinu?.....	37
Tafla 8: Hefur uppruni maka áhrif á hvert erlendar konur fara eftir dvöl?	38
Tafla 9: Hefur uppruni maka áhrif á hvert EES-konur fara eftir dvöl?	39
Tafla 10: Hefur uppruni maka áhrif á hvert konur utan EES fara eftir dvöl?.....	39
Tafla 11: Helstu þjónustuúrræði sem konunum í rannsókninni er beint í af starfskonum Kvennaathvarfsins.....	54
Tafla 12: Þjónusta lögreglu við konurnar í rannsókninni	66

INNGANGUR

Niðurstaða rannsóknarinnar endurspeglast í orðum einnar konunnar sem gerði þessa rannsókn mögulega. Hún lýsir stöðunni þannig að það sé „erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum.“ Hún eins og flestar erlendar konur sem koma í dvöl í Kvennaathvarfið standa frammi fyrir ákvörðun um hvort þær vilji slíta sambandi sínu við ofbeldismanninn. Það er erfitt val fyrir flestar þeirra því þær þurfa að velja á milli þess að búa áfram við ofbeldi eða standa einar á eigin fótum í nýju landi án þess baklands sem við flest höfum aðgang að í eigin samfélagi.

Félagslegur auður gegnir mikilvægu hlutverki í lífi hvers einstaklings. Einstaklingurinn verður hluti af samfélagi með því að fæðast inn í fjölskyldu og hann myndar vinatengsl innan þess allt frá unga aldri. Þessi fjölskyldu- og vinatengsl skapa þann félagslega auð sem gjarnan er virkjaður þegar eitthvað bjátar á í lífinu. Einstaklingur sem yfirgefur samfélag sitt, kominn á fullorðinsár, þarf í flestum tilfellum að byrja upp á nýtt að safna félagslegum auði. Sumir eru betur settir en aðrir, eiga einhvern/einhverja ættingja eða vini í nýja samfélaginu. Þeir koma kannski frá svipuðum menningarheimi, tala hugsanlega tungumál sem skilst í nýja landinu og eiga þar með auðveldara með að koma sér þar fyrir. Svo eru hinir sem eiga lítið eða ekkert af þessu. Þeir þurfa að „endurfæðast“ í nýju samfélagi með öllu sem því fylgir. Læra á nýja menningu, stundum mjög ólíka sinni eigin, læra nýtt tungumál og mynda nýjan félagslegan auð. Af eðlilegum orsökum mætti ætla að aðfluttir einstaklingar væru mun fátækari af félagslegum auði en innfæddir í sama samfélagi, sumir jafnvel öreigar sem hugsanlega gerir stöðu þeirra viðkvæmari þegar erfiðleikar steðja að, eins og til dæmis þegar konur búa við ofbeldi í nánnum samböndum.

Í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í fólksflutningum til landsins undanfarna áratugi hefur fjöldi erlendra kvenna sem koma til dvalar í Kvennaathvarfið aukist jafnt og þétt. Síðastliðin fimm ár hafa þær verið um og yfir helmingi allra dvalarkvenna. Árið 2010 markaði þáttaskil í sögu Athvarfsins. Þá voru konur af erlendum uppruna í fyrsta sinn fleiri en íslenskar kynsystur þeirra, eða 64% dvalarkvenna. Í upphafi starfaði Kvennaathvarfið í samræmi við hugmyndafræði grasrótarinnar, veitti konum sem þurftu að flýja heimili sitt vegna ofbeldis húsaskjól og hjálp til sjálfshjálpar. Síðastliðin ár hefur Athvarfið endurskoðað vinnulag sitt til að

aðlaga það breyttum aðstæðum í samfélaginu, ekki síst til að mæta þörfum kvenna af erlendum uppruna sem þurfa utanumhald vegna þess að þær skortir í mörgum tilvikum félagslegan auð og þekkingu á nýju samfélagi.

Flestar konur sem leita til Kvennaathvarfsins glíma við vandamál af svipuðum toga. Þau eru mismikil og misflókin en segja má að vandamálin margfaldist í sumum tilfellum þegar konur af erlendum uppruna eiga í hlut vegna stöðu þeirra sem nýir einstaklingar í íslensku samfélagi. Vandamálin eru margþætt og teygja anga sína til tveggja heima eða jafnvel víðar. Það hangir svo margt á spítunni. Réttur til dvalar og vinnu á Íslandi, skólaganga barna, viðtökur í „gamla“ samfélaginu og/eða afkoma þar. Sumar konur eiga ekki afturkvæmt af menningarlegum ástæðum. Vandamálin virðast yfirþyrmandi og þess vegna finnst starfskonum Kvennaathvarfsins mikilvægt að skoða hvort konur af erlendum uppruna gefist frekar upp en íslenskar konur, ekki síst þær sem koma frá löndum utan EES, og snúi heim til ofbeldismannsins eftir dvöl í Kvennaathvarfi. Það er mikilvægt að vita hvort aðstæður hafi áhrif á ákvörðun konu í þessum sporum sem getur haft afgerandi afleiðingar hvað varðar hennar eigið líf og þeirra barna sem hún kann að hafa í forsjá sinni.

1. RANNSÓKNIN

1.1 Markmið

Segja má að markmið þessarar rannsóknar sé tvíþætt. Annars vegar að fá svar við þeirri spurningu hvort konur af erlendum uppruna, og þá sérstaklega konur frá löndum utan EES, snúi frekar heim í óbreytt ástand en íslenskar kynsystur þeirra. Hins vegar að athuga hvernig þjónusta Kvennathvarfsins reynist þessum hópi kvenna, hvernig þeim líki hún og sjónum beint að gagnrýni hvað varðar starfsemina. Einnig var skoðað hvað kemur fram í rannsóknargögnum varðandi önnur þjónustuúrræði sem konunum standa til boða.

1.2 Aðferðafræði

Gagnasöfnun hófst í júní 2009 og stóð til apríl 2012. Á þessu tímabili var safnað saman dagbókarfærslum fyrir allar konurnar í rannsókninni og óformleg viðtöl tekin við tíu þeirra. Frá janúar til maí 2012 var unnið úr rannsóknargögnum og niðurstöður skráðar.

Til að svara fyrri rannsóknarspurningunni sem snýst um hvort erlendar konur fari frekar heim í óbreytt ástand en þær íslensku var upplýsingum safnað um allar konur sem komu til dvalar í Kvennaathvarfið á tímabilinu 24. september 2007 til 31. desember 2011. Úrtakinu var síðan skipt í tvo hópa, erlendar konur (rannsóknarhópur) og íslenskar konur (samanburðarhópur). Í kafla 2 er nánar fjallað um úrtök rannsóknarinnar og þar í töflum 1 og 2 má sjá hvernig þau voru einangruð.

Til frekari samanburðar var unnið tölulega með báða hópana en athyglinni síðan eingöngu beint að rannsóknarhópnum. Unnið var með upplýsingar um hann í heild en einnig eftir því hvort erlendu konurnar sem hann skipa komi frá löndum innan eða utan EES. Uppruni kvennanna getur skipt máli sérstaklega hvað varðar réttindastöðu þeirra í

landinu sem snýr til dæmis að búsetu-, dvalar- og atvinnuleyfi ásamt fleiru.² Tækifærið var einnig notað til að skoða aðra þætti tengda rannsóknarspurningunni, svo sem aðstæður og bakgrunnsupplýsingar sem gætu haft áhrif á hvaða ákvörðun konur taka varðandi framtíð sína eftir dvöl og hvort uppruni maka hafi eitthvað með það að segja. Tölfræðilega er ekki marktækur munur á hópunum þremur þar sem þeir eru ekki nægilega fjölmennir, en tölurnar gefa vissulega ákveðnar upplýsingar og hugmyndir um stöðu mála.

Til að svara seinni spurningu rannsóknarinnar var stuðst við eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir. Í dagbókarfærslum Kvennaathvarfsins eru skráðar upplýsingar sem fengist hafa í viðtölum við konur, sagt frá samskiptum starfskvenna við dvalarkonur, fjallað um aðstoð sem konur fá, ásamt daglegu lífi þeirra innan sem utan veggja Athvarfsins. Dagbókarfærslum var safnað fyrir konurnar 130 sem fjallað er um í rannsókninni og þær lesnar yfir í tvígang. Allar athugasemdir sem lúta að þjónustu Kvennaathvarfsins voru skráðar niður og um aðra þjónustuaðila, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, lögregluaðstoð og lögfræðiráðgjöf.

Til að fá betri innsýn í aðstæður og líf kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið voru tekin óformleg viðtöl við tíu konur sem hafa dvalið í Athvarfinu frá apríl 2011 til apríl 2012. Allar konurnar höfðu komið til dvalar einu sinni eða oftar. Þær eiga það sameiginlegt að hafa yfirgefið ofbeldismanninn, nema hugsanlega ein, og hafið nýtt líf án hans. Sumar komu nokkrum sinnum í dvöl í Athvarfið áður en þeim tókst að ná þessum áfanga, aðrar komu aðeins einu sinni. Meirihluti viðmælenda er frá löndum utan EES eða sjö konur. Þar af eru fjórar með íslenskan ríkisborgararétt eða búsetuleyfi en þrjár höfðu áhyggjur af dvalarleyfi sínu ef til skilnaðar kæmi. Þrjár konur

² Útlendingur sem hefur ríkisborgararétt frá EES- eða EFTA-ríki getur dvalið og starfað á Íslandi svo framarlega að hann hafi framfærslu af einhverju tagi til að tryggja afkomu sína. Að því uppfylltu getur hann skráð lögheimili sitt á Íslandi. Ríkisborgarar utan Schengensvæðisins þurfa hinsvegar að sækja um dvalarleyfi sem veitt er á grundvelli laga 96/2002. Erlendu konurnar í rannsókninni utan EES eru sumar með dvalarleyfi á forsendum fjölskyldusameiningar. Dvalarleyfi þarf að endurnýja árlega fyrstu fjögur árin, svo framarlega að aðstæður hafi ekki breyst. Ef svo er þarf að sækja um nýtt á breyttum forsendum. Að fjórum árum loknum geta konurnar sótt um búsetuleyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar hér landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á heimasíðu Alþingis má finna lög um útlendinga 96/2002 og einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu Útlendingastofnunar.

koma frá löndum innan EES. Allar konurnar eru með börn á framfæri nema ein. Hún á son í heimalandi sem er nýorðinn sjálfráða.

Viðtöl við níu konur fóru fram á íslensku eða ensku sem hvorugt er þeirra móðurmál en rannsakandi er íslenskur. Túlkur var kallaður til í einu tilfelli. Stuðst var við eftirfarandi spurningar eins og við átti í hverju tilviki fyrir sig:

Hafðir þú reynt að ljúka sambandinu áður en þú komst í Kvennaathvarfið?

Hvað kom í veg fyrir að þú lykir sambandinu?

Hefði verið hægt að hjálpa þér til þess?

Hvað gerði þér kleift að ljúka sambandinu?

Hafðir þú aðgang að aðstoð? Fékkst þú aðstoð til þess? Hvaða?

Hvernig reyndist aðstoðin þér? Hvað finnst þér um aðstoðina?

Hvað finnst þér um þjónustu Kvennaathvarfsins? Er eitthvað sem hægt væri að bæta eða breyta að þínu mati til að gera hana betri?

Hvaða hindranir telur þú að konur af erlendum uppruna búsettar á Íslandi þurfi helst að glíma við til að geta komist út úr ofbeldissambandi?

Svörin voru skráð niður jafnóðum og vélrituð upp að viðtali loknu. Í sumum tilvikum þurfti rannsakandi að endurorða og útskýra spurningarnar til að merking þeirra væri skýr. Í framhaldi var unnið með viðtölin, farið yfir svörin og þau lesin ítrekað yfir og skipt niður í þemu. Í umfjöllun má lesa um reynslu kvennanna og svör þeirra við ákveðnum spurningum í beinni og/eða óbeinni frásögn.

1.3 Annmarkar rannsóknarinnar

Aðkoma rannsakanda og starfskvenna má ekki vanmeta en þær skrá upplýsingar og sú skráning mótast af þeirra upplifun, reynslu og lífsviðhorfum. Hvernig þær heyra sögu kvennanna og hvað þeim finnst markverðast í samskiptum sínum við dvalarkonur kemur fram í rannsóknargögnum. Skráning upplýsinga í dagbækur er mistæk. Margir koma að verkinu og misjafnt hversu mikið tóm gefst til þess. Starfskonur Kvennaathvarfsins vinna á vöktum og skráir hver og ein í dagbók það sem hún telur mikilvægt að komist áfram til næstu vaktar/vakta eða aðrar áriðandi eða mikilvægar upplýsingar um

konurnar. Að öllu jöfnu eru sex konur sem skrá þessar upplýsingar en einnig skrá afleysingakonur dagbókarfærslur. Hvað ratar í dagbók og hvað ekki hefur auðvitað áhrif á niðurstöður þessarar rannsóknar.

Rannsakandi vinnur í Kvennaathvarfinu og hefur það sína kosti og galla. Kostirnir eru að hún hefur góða innsýn inn í aðstæður kvennanna sem rannsóknin snýst um og þekkir þær margar. Gallinn er að konunum getur fundist óþægilegt að setja út á þjónustu Kvennaathvarfsins við starfskonu þess. Náðin getur veitt dýpri skilning en einnig blindað rannsakanda þótt reynt sé eftir bestu getu að halda hlutleysi.

Að meirihluta var unnið úr fyrirbyggjandi rannsóknargögnum en þeim ekki safnað í því skyni að nýta þau til rannsókna af þessu tagi nema viðtölin tíu við dvalarkonur. Því eru upplýsingar um konurnar hvorki staðlaðar né alltaf sambærilegar og oft á tíðum ónógar. Tungumálaerfiðleikar lituðu samskipti við sumar konurnar, sem takmarkaði tjáskipti. Þeir höfðu einnig áhrif í viðtölum við sumar konurnar sem áttu í nokkrum tilfellum erfitt með að skilja innihald spurninganna og þurftu auk þess að svara á tungumáli sem þær hafa ekki fullt vald á.

Umfang rannsóknargagna hefur sína vankanta. Rannsakandi taldi mikilvægt að safna stóru úrtaki til að ná fram nokkuð áreiðanlegum niðurstöðum sem leiddi aftur á móti til mikils magns rannsóknargagna. Þegar dagbókarfærslum hafði verið safnað saman fyrir allar konurnar í rannsóknarhópnum er fjöldi blaðsíðna áætlaður um það bil 500 sem gefur ekki svigrúm fyrir djúpa vinnu. Í upphafi var lagt af stað með þá hugmynd að tala við konur hvort heldur þær væru enn í ofbeldissambandi eða búnar að losa sig út úr því. Ekki tókst að ná í konur sem vitað var til að hefðu farið heim í óbreyttar aðstæður. Sumir viðmælendur lýsa hins vegar reynslu af því að hafa farið heim aftur vegna þess að þær hafa gert fleiri en eina tilraun til að fara frá ofbeldismanninum, bæði áður en þær komu í sína fyrstu dvöl í Kvennaathvarfið og/eða eftir að þær höfðu dvalið þar.

1.4 Uppbygging skýrslunnar

Eftir kynningu á rannsókninni og aðferðafræðinni sem beitt var við vinnslu hennar er úrtak kvennanna kynnt í kafla tvö. Þar er sýnt hvernig það var einangrað fyrir

rannsóknar- og samanburðarhóp. Í kjölfarið fylgja upplýsingar um uppruna erlendu kvennanna og hvernig þeim er skipt í hópa eftir því hvort þær koma frá löndum utan eða innan EES. Aldursdreifing hópanna er síðan sett fram í töflum.

Í kafla þrjú eru aðstæður og bakgrunnur kvennanna kynntur. Þar koma fram upplýsingar um atvinnuþátttöku/framfærslu, hversu mörg börn konurnar hafa á framfæri, dvalarleyfi, tungumálakunnáttu, félagsleg tengsl, trú og að lokum er skoðað hvaðan makar þeirra eru upprunnir. Reynt er að veita lesendum bestu mögulegu innsýn inn í þá þætti sem hugsanlega gætu verið áhrifavaldar hvað varðar ákvarðanatöku kvennanna um framtíð sína eftir komu í Kvænnaathvarfið. Rannsóknarhópurinn er í brennidepli en samanburðarhópur til viðmiðunar.

„Að taka skrefið“ er umfjöllunarefni kafla fjögur. Þar lýsa konurnar reynslu og upplifun af því að yfirgefa ofbeldismanninn, fara til hans aftur í sumum tilfellum og hvað hjálpaði þeim til að taka endanlegt skref í átt að nýju lífi.

Kafla fimm og sex svara rannsóknarspurningunum tveimur sem lagt var af stað með í upphafi. Í kafla fimm má finna svar við fyrri spurningunni um hvort konur af erlendum uppruna fara frekar heim í óbreytt ástand en íslenskar kynsystur þeirra. Niðurstöður eru settar fram í töflum fyrir rannsóknar- og samanburðarhóp. Einnig er skoðað hvort uppruni maka hafi áhrif á hvert erlendar konur fara eftir dvöl. Upplýsingar um hvað konurnar telja að hafi hjálpað sér til að taka skrefið koma fram og hvaða helstu hindranir þær sjái fyrir erlendar konur á Íslandi að fara frá ofbeldismönnum. Kafla sex svarar seinni rannsóknarspurningunni. Þar er fjallað um þjónustu Kvænnaathvarfsins og hvað konunum í rannsókninni fannst um hana. Gagnrýni og þakklæti er komið á framfæri.

Í kafla sjö er umfjöllun um aðra þjónustu en Kvænnaathvarfsins sem konurnar hafa notið. Þar er farið yfir upplýsingarnar sem koma fram í rannsóknargögnum hvað varðar fjölda kvenna sem nýtti sér aðstoðina, hvernig hún gagnaðist og hvernig þeim líkaði hún. Í framhaldi fylgja nokkur lokaorð sem setja endapunkt á þessa rannsóknarskýrslu.

1.5 Orðanotkun

Orðanotkun og framsetning niðurstaðna er að mestu hefðbundin. Hér er fjallað um nán sambönd og þau skilgreind sem samband konu við núverandi og fyrrverandi eiginmann, sambýlismann eða kærasta. Sagt er að konur fari í nýjar aðstæður eftir dvöl en þá er átt við að þær flytji í annað húsnæði en þær komu úr eða þar sem ofbeldismaðurinn býr ekki. Heim í breyttar aðstæður lýsir því að konan fari í sama húsnæði en ofbeldismaðurinn sé þá farinn/fluttur af heimilinu. Óbreytt ástand vísar þá auðvitað til þess að konur fari heim til ofbeldismannsins aftur í sömu aðstæður og þær komu úr.

Til að auðvelda lesturinn eru allar upplýsingar um íslensku konurnar í samanburðarhópnum skáletraðar í skýrslunni.

2. ÚRTAK

2.1 Einangrun úrtaka rannsóknarinnar

Stærsti hluti dvalarkvenna kemur vegna ofbeldis í nánnum samböndum en dvöl er einnig veitt í sumum tilfellum af öðrum ástæðum. Þar á meðal má nefna fórnarlömb mansals, hælisleitendur eða aðstandendur, svo sem mæður eða vinkonur brotaþola þegar þannig stendur á. Sumar konur leita í dvöl vegna ofbeldis foreldra eða barna sinna.

Úrtak hvernar rannsóknar er mikilvægt því niðurstöður miðast við þær upplýsingar sem það gefur. Í þessari rannsókn hentar best að vinna með einangrað úrtak kvenna sem eru að flýja ofbeldi í nánnum samböndum en það er áhugavert að sjá hvers vegna konur þurfa að leita í Kvennaathvarfið. Þess vegna fylgir hér með í töflu hvernig endanlegt úrtak var einangrað bæði fyrir rannsóknar- og samanburðarhóp. Athygli er vakin á því að í upphafi eru allar komur og konur skráðar³ en hver kona getur komið oftar en einu sinni. Síðan eru hóparnir sem ekki eiga við dregnir frá einn af öðrum þar til endanlegt úrtak samanstendur einungis af konum sem leita í Athvarfið vegna ofbeldis maka á rannsóknartímabilinu. Ef kona kemur oftar en einu sinni til dvalar kemur það fram í skráningu komufjölda. Um sumar konur er ekkert vitað. Ástæða þess getur verið að konan hafi aðeins dvalið í skamman tíma og ekki hafi náðst að taka komuskýrslu eða að ekki hafi verið hægt að ræða við hana vegna tungumálaerfiðleika áður en hún yfirgaf Athvarfið.

Skráðar komur erlendra kvenna á rannsóknartímabilinu eru 245 en fjöldi kvenna er 165 sem sýnir að hver kona kom að meðaltali um það bil 1,5 sinnum á þessu tímabili. Í framhaldi voru þeir hópar sem ákveðið var að sleppa úr úrtakinu dregnir frá upphaflegum heildarfjölda yfir komur og konur þar til endanlegu úrrtaki 130 kvenna er náð. Þær reyndust hafa komið 189 sinnum á tímabilinu sem gefur svipað meðaltal yfir komur og ef heildarfjöldi er skoðaður, hver kona kemur um það bil 1,5 sinnum eins og sést í töflu 1 hér á eftir.

³ Komur og konur eru lík hugtök og geta blekkst augsá. Til að auðvelda lesturinn eru þau rituð koMUR og koNUR í töflum 1 og 2.

Tafla 1: Úrtak - Rannsóknarhópur/erlendar konur

	KoMur	KoNur
Heildarfjöldi	245	165
- fórnarlömb mansals	19	11
- hælisleitendur	4	5
- aðstandendur	6	4
- annað	5	2
Samtals	34	22
	211	143
- þolendur ofbeldis ættingja	11	7
- með geðræn vandamál ⁴	8	3
Samtals	19	10
	192	133
- Konur sem ekkert er vitað um	3	3
Konur sem koma v/ ofbeldis í nánum samböndum	189	130

Tafla 2: Úrtak - Samanburðarhópur/íslenskar konur

	KoMur	KoNur
Heildarfjöldi	240	180
- þolendur ofbeldis ættingja	17	14
- með geðræn vandamál	3	3
- annað, s.s.mansal	5	4
Samtals	25	21
	215	159
- Konur sem ekkert er vitað um	5	5
Konur sem koma v/ ofbeldis í nánum samböndum	210	154

Tafla 2 er sambærileg við töflu 1. Alls komu 180 íslenskar konur 240 sinnum á rannsóknartímabilinu. Hver kona kemur að meðaltali 1,3 sinnum. Lokaúrtak er 154 konur. Þær eru skráðar með 210 komur sem gefur svipað meðaltal og ef heildarfjöldi er skoðaður, það er um 1,4 sinnum.


⁴ Þær eiga við annan vanda að glíma en ofbeldi í nánum samböndum.

Eins og sést eru hóparnir mjög sambærilegir þegar litið er til fjölda kvenna og hversu oft þær koma. Aðeins munar um fimm komur í upphafi á milli hópanna, erlendar konur eiga 245 komur á móti 240 komum íslenskra kvenna. Íslensku konurnar eru hinsvegar aðeins fleiri eða 180 en þær erlendu 165. Aðeins meiri munur er á hópunum í lokaúrtakinu. Þar eru íslensku konurnar í samanburðarhópnum 154 og komu 210 sinnum en erlendar kynsystur þeirra eru 130 með 189 komur. Eins og sést hér að ofan er meðaltal hópanna hvað fjölda koma varðar svipað, 1,4 fyrir íslenskar konur á móti 1,5 fyrir erlendu konurnar.

Hópur kvennanna sem er dreginn frá lokaúrtaki í samanburðar- og rannsóknarhópi á það sameiginlegt að þar er að finna þolendur ofbeldis ættingja og nokkrar konur með geðræn vandamál. Fórnlömb mansals og aðstandendur dvalarkvenna (móðir, vinkona) marka sérstöðu rannsóknarhópsins. Fjöldi kvenna sem ekkert er vitað um er svipaður, eða fimm íslenskar konur og þrjár af erlendum uppruna.

2.2 Uppruni þátttakenda – rannsóknarhópur (erlendar konur)

Konurnar 130 sem allar hafa leitað í Kvennaathvarf vegna ofbeldis í nánum samböndum á því tímabili sem rannsóknin nær til skiptast þannig að 73 konur koma frá löndum utan EES en 57 frá löndum innan EES. Konurnar sem koma frá löndum utan EES eru aðeins fleiri eða 56% á móti 44% kvenna frá EES-löndum eins og sést á mynd 1 hér á eftir.



Mynd 1: Uppruni þátttakenda – rannsóknarhópur (erlendar konur)

Þar sem aðstæður kvenna frá löndum innan EES og utan EES geta verið mismunandi vegna réttindastöðu í landinu verður fjallað um rannsóknarhópinn sem heild annars vegar en hins vegar samkvæmt þessari skiptingu. Þannig gefst tækifæri til að bera saman til dæmis konur í rannsóknar- og samanburðarhópi, innan rannsóknarhópsins og svo íslenskar konur við erlendar konur eftir uppruna, innan eða utan EES.

2.3 Aldur og aldursdreifing kvennanna í úrtaki

Ofbeldi tekur ekki tillit til aldurs. Það á einnig við um ofbeldi í nánnum samböndum. Kvennaathvarfið tekur ekki á móti konum í dvöl vegna heimilisofbeldis nema sjálfræðisaldri sé náð, það er 18 ára og eldri. Yngri konur teljast ólögráða börn og því ekki skráðar í dvöl nema í fylgd mæðra sinna. Aldursbil kvennanna í rannsókninni er vítt, yngsta konan er 18 ára en sú elsta 72. Kjarninn er þó konur á aldrinum 26 til 45 ára, sá aldur þegar flestar konur eru að eiga sín börn og koma þeim á legg eins og sést í töflu 3 hér á eftir.

Tafla 3: Aldursdreifing kvennanna

	18-25 ára	26-35 ára	36-45 ára	46-60 ára	61-72 ára	Ekki vitað	Meðalaldur
Konur innan EES (57)	11 (19%)	24 (42%)	14 (25%)	5 (9%)		3 (5%)	33
Konur utan EES (73)	10 (14%)	31 (42%)	21 (29%)	6 (8%)		5 (7%)	35
Heildarfjöldi (130)	21 (16%)	55 (42%)	35 (27%)	11 (8%)		8 (6%)	34
<i>Íslenskar konur (154)</i>	<i>23 (15%)</i>	<i>39 (25%)</i>	<i>40 (26%)</i>	<i>35 (23%)</i>	<i>12 (19%)</i>	<i>11 (7%)</i>	<i>39</i>

Þegar horft er á aldur kvennanna má merkja þó nokkurn mun á rannsóknar- og samanburðarhópi. Yngsta konan í rannsóknarhópnum er 18 ára en sú elsta 60 ára.

Íslensku konurnar í samanburðarhópnum eru mun eldri, meðalaldur þeirra er 39 ár og sú elsta er 72 ára.

Í rannsóknarhópnum eru flestar konur á aldursbilinu 26 til 45 ára en aldur meirihluta kvennanna í samanburðarhópnum dreifist frá 26 ára aldri til 60 ára. Athygli vekur að erlendar konur á aldrinum 26-35 ára eru mun fleiri en íslenskar kynsystur þeirra á sama aldri eða 42% á móti 25%. Hinsvegar eru íslenskar konur á aldrinum 46-60 ára, mun fleiri en erlendar konur á sama aldri. Að öðru leyti er aldursdreifing hópanna svipuð.

3. AÐSTÆÐUR OG BAKGRUNNUR KVENNANNA Í RANNSÓKNINI

Þessi kafli miðlar þeim upplýsingum sem rannsakandi telur mikilvægar til að fá betri innsýn í aðstæður kvennanna sem mynda úrtakið og öðlast skilning á hvað liggur að baki hugsanlegum ákvörðunum varðandi framtíðina sem teknar eru eftir komu í Kvennaathvarfið. Mun konan fara til ofbeldismannsins aftur eða kemur hún til með að gera breytingar á lífi sínu? Þættir eins og uppruni konunnar, aldur, börn á framfæri, almennar aðstæður og uppruni maka geta spilað þar inn í. Þess vegna verður gerð grein fyrir þeim. Í framhaldi verður lesendum gefin innsýn í hvernig konur taka skrefin í átt að breyttum aðstæðum og upplýsingar um hversu oft þær koma í dvöl. Í umfjöllun eru íslensku konurnar notaðar til samanburðar þar sem við á.

3.1 Atvinna/Framfærsla

Dagbókarfærslur leiða í ljós að margar konur hafa áhyggjur af eigin framfærslu og/eða barna sinna ef til sambúðarslita kæmi. Þess vegna er áhugavert fyrir niðurstöður rannsóknarinnar að kanna aðstæður kvennanna í öllum hópunum þremur hvað þetta varðar. Í komuskýrslum Athvarfsins er spurt um atvinnuþátttöku þannig að þessar upplýsingar liggja fyrir í flestum tilfellum.

Tafla 4: *Atvinnuþátttaka kvennanna í rannsókninni*

	Með atvinnu	Atvinnulausar	Önnur framfærsla	Öryrkjar	Ekki vitað
Konur innan EES (57)	23 (40%)	15 (26%)	4 (7%)*	1 (2%)	14 (25%)**
Konur utan EES (73)	37 (51%)	17 (23%)	13 (17%)*	3 (4%)	3 (4%)
Samtals (130)	60 (46%)	32 (25%)	17 (13%)	4 (3%)	17 (13%)
<i>Íslenskar konur (154)</i>	<i>46 (30%)</i>	<i>24 (16%)</i>	<i>18 (12%)*</i>	<i>56 (36%)</i>	<i>10 (6%)</i>

* 2 heimavinnandi, 1 í fæðingarorlofi, 1 í námi.

- ** Athygli vekur að minna er vitað um framfærslu EES-kvenna en kynsystra þeirra utan EES. Hugsanleg skýring gæti verið sú að síðarnefndi hópurinn þarf oft meiri aðstoð starfskvenna til að leysa praktísk mál, svo sem dvalarleyfi, búsetuleyfi og atvinnuleyfi þannig að óhjákvæmilegt er að meiri upplýsingar liggi fyrir.
- *** 2 með umönnunarbætur, 2 í fæðingarorlofi, 4 með framfærslu félagsþjónustunnar, 5 heimavinnandi.
- **** 10 í námi, 5 í fæðingarorlofi, 1 í veikindaleyfi og 2 komnar á eftirlaun.

Samanburður hópanna leiðir í ljós að atvinnuþátttaka kvenna frá löndum utan EES er hæst eða 51%. Næst koma kynsystur þeirra frá EES-löndum með 40% þátttöku en fæstar eru íslensku konurnar á vinnumarkaði, 30% þeirra stunda vinnu. Það vekur athygli að mun minna er vitað um atvinnu/framfærslu EES kvenna, eða 25% á móti 3% kvenna frá löndum utan EES, sem hefur áhrif á niðurstöðurnar í svo litlu úrtaki. Í hópi kvenna frá löndum utan EES kemur fram í gögnum að fimm konur misstu vinnu vegna aðstæðna sem ofbeldið skapaði. Sem dæmi má nefna missi atvinnuleyfis, ofsóknir maka á vinnustað og breyttar aðstæður vegna barns eða búsetu.

Hátt hlutfall öryrkja í íslenska hópnunum vekur athygli. Það reynist vera 36% en til viðmiðunar má benda á að samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru 8,6% kvenna á aldrinum 16-66 ára á Íslandi skráðar með örorkubætur árið 2010.

3.2 Fjöldi barna á framfæri.

Fæðing barns hefur að öllu jöfnu afgerandi áhrif á líf foreldra þess, ekki síst hvað varðar framfærslu fjölskyldunnar. Svigrúm til atvinnuþátttöku breytist og miðast út frá þörfum barnsins. Þrátt fyrir miklar breytingar í íslensku samfélagi undanfarna áratugi virðist umönnun barna enn sem komið er oftari á ábyrgð móður. Svo virðist sem þær hliðri frekar til og miði atvinnuþátttöku sína út frá þörfum barns/barna.

Þannig er með þátttakendur í rannsókninni sem eru flestir á barneignaraldri. Sumar hafa til dæmis verið heimavinnandi með barn/börn og aðrar í hlutastörfum þannig að skilnaður þýðir breytingu á aðstæðum þeirra og barnanna. Í rannsóknargögnum má lesa hvað börnin leika stórt hlutverk í lífi kvennanna, þeirra hagur og þeirra framtíð er eitthvað sem konurnar eru jafnvel tilbúnar að fórnar sér fyrir. Því má ætla að börnin skipti máli varðandi ákvarðanatöku kvenna um hvort þær fari heim í óbreytt ástand eða kjósi nýja búsetu.

Tafla 5: Börn á framfærslu

	Fjöldi kvenna með börn á framfærslu	Fjöldi barna	Hlutfall kvenna með börn á framfærslu	Meðaltal
Konur innan EES (57)	36	53	63%	1,5 barn/kona
Konur utan EES (73)	53	107	73%	2 börn/kona
Samtals (130)	89	160	68%	1,8 barn/kona
Íslenskar konur (154)	88	164	57%	1,9 barn/kona

89 af 130 konum í rannsóknarhópnum eiga samtals 160 börn yngri en 18 ára (meðaltal 1,8 barn/konu) sem þýðir að 68% kvennanna eru með börn á framfærslualdri. Flestar konurnar koma með börnin með sér í dvöl, í öðrum tilvikum eru börnin annars staðar á meðan á dvöl stendur. Nokkrar eiga börn í heimalandi sínu sem þær bera ábyrgð á. Þau dvelja þá gjarnan hjá ættingjum en konurnar greiða kostnað sem til fellur vegna upphalds, skóla og annað tilfallandi fyrir börnin. Í rannsóknargögnunum kemur fram að 12 konur í hópnum eru barnshafandi, þar af sjö EES konur og fimm frá löndum utan EES.

Af þeim 154 íslensku konum sem komu til dvalar í Kvennaathvarfið á þessu tímabili áttu 88 konur börn undir 18 ára aldri eða 164 talsins. 148 börn voru með móður sinni í dvöl. Þau 16 börn sem ekki komu til dvalar voru í flestum tilfellum í fóstri eða faðir, ömmur eða afar voru með forsjá yfir þeim. Í gögnunum kemur fram að minnsta kosti tvær eru barnshafandi.

Eins og sést á töflunum hér að ofan er fjöldi kvenna með börn á framfæri svipaður, 88 íslenskar konur og 89 erlendar, en hafa verður í huga að hóparnir eru misfjölmennir. Börnin eru einnig nær jafnmörg, 164 börn íslenskra mæðra á móti 160 börnum sem eiga mæður af erlendum uppruna.

Hlutfallslega er einhver munur á hópnum. Íslensku konurnar með börn á framfæri eru færri en erlendar konur þegar miðað er við fjölda þeirra en hver íslensk

móðir á hins vegar 1,9 börn. 63% kvenna frá löndum innan EES eru með börn á framfæri en fæst börn á konu eða 1,5. Konur frá löndum utan EES eiga hlutfallslega flest börn 73%, og flest börn á hverja konu en hver kona í þeim hópi á tvö börn að meðaltali.

3.3 Dvalarleyfi

Konur innan EES sem koma til dvalar í Kvennaathvarfið eiga yfirleitt ekki í vandræðum með dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi vegna samnings um frjálst flæði vinnuafns innan EES. Um ríkisborgara frá löndum utan EES gilda aðrar reglur. Konur frá þessum löndum sem leita í Athvarfið eru margar hverjar með dvalar- og atvinnuleyfi á forsendum fjölskyldusameiningar sem makar íslenskra ríkisborgara eða annarra karla með búsetuleyfi á Íslandi.

Dagbókarfærslur sýna að tuttugu konur frá löndum utan EES, eða 27%, höfðu áhyggjur af því að missa dvalar- og atvinnuleyfi sitt á Íslandi ef þær ákvæðu að fara frá maka sínum. Í hópi viðmælenda kemur fram svipað hlutfall. Af tíu konum eru þrjár í þessari stöðu, eða um 30%.

Þess ber að geta að nokkrar konur fóru heim í óbreytt ástand einungis vegna ótta við að missa dvalarleyfi sitt. Sumar þeirra komu aftur í dvöl og einhverjar oftast en einu sinni.

3.4 Tungumálakunnátta

Tungumálakunnátta kvenna sem leita í dvöl í Kvennaathvarfið er ekki skráð sérstaklega, þannig að erfitt er að meta hana nema eftir dagbókarfærslum og túlkaþjónustu. Sumar konur sem fá aðstoð túlks geta einungis tjáð sig á tungumáli sem gagnast ekki til samskipta á Íslandi en aðrar tala ágætlega íslensku, ensku eða annað mál sem starfskonur skilja til daglegra samskipta. Tungumálakunnátta kvennanna og/eða starfskvenna er þó ekki nægilega góð í sumum tilfellum til að veita og skilja nauðsynlegar og flóknar upplýsingar varðandi atriði svo sem skilnað, dvalarleyfi, kærufarli og önnur mál sem mikilvægt er að konurnar fái skýrar upplýsingar um. Í þeim tilvikum er kallaður til túlkur. Lesandi er beðinn að athuga að í eftirfarandi umfjöllun

miðast prósentutölur í svigum annars vegar við fjölda heildarúrtaks (130) og hinsvegar eftir hópum, það er konur innan EES (57) eða konur utan EES (73).

Á rannsóknartímabilinu er skráð í gögn að 43 konur samtals (33%) hafi fengið túlkaviðtal einu sinni eða oftar. Þar af eru tuttugu konur frá löndum innan EES (35%) og 23 frá löndum utan EES (32%). Ætla má að þetta hlutfall sé hærra þar sem viðtöl við dvalarkonur eru ekki alltaf skráð í dagbækur. Það á einnig við um túlkaviðtöl.

Tungumálakunnátta í daglegum samskiptum er afstætt fyrirbæri og því erfitt að meta eða mæla. Hver og einn gerir slíkt á eigin forsendum og hafa ber í huga að sex starfskonur rita dagbækur að jafnaði, einnig eru konur í afleysingum þegar þannig ber undir. Rannsakandi telur 49 konur í heildarúrtakinu (38%) sem erfitt hefur verið að eiga einföld/dagleg samskipti við vegna tungumálaörðugleika á rannsóknartímabilinu. Þar af koma 29 frá EES löndum (59%) en tuttugu frá löndum utan EES (41%). Það vekur athygli að hlutfall kvenna frá löndum innan EES sem eiga erfitt með samskipti er mun hærra en þeirra sem koma frá löndum utan EES. Rannsókn sem gerð var á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið árið 2009 sýnir sömu niðurstöður.

Rannsakandi mat sjö konur frá EES-löndum (12%) með góða íslenskukunnáttu en sextán konur utan EES (22%). Góða ensku töluðu tuttugu EES-konur (35%) og 27 konur frá löndum utan EES (37%). Hópurinn í heild sem tjáir sig vel á íslensku og/eða ensku telur 70 konur sem gerir um það bil 54%.

Hafa ber í huga að mat á tungumálakunnáttu er afstætt og hóparnir geta skarast. Ætlunin er einungis að gefa lesanda hugmynd um tungumálakunnáttu kvennanna.

3.5 Félagsleg tengsl

Félagsleg tengsl eru ekki síður flæðandi fyrirbæri en tungumálakunnátta og því erfitt að meta í tölum. Rannsakandi telur óhætt að segja með vissu að 16 konur af heildarúrtakinu hafi verið nær alveg tengslalausar við komu í Kvennaathvarfið eða um það bil 12%.⁵ Þar

⁵ Fjölskyldutengsl kvenna innan og utan EES á Íslandi eru ólík í mörgum tilfellum. EES konur koma gjarnan með maka af sama uppruna til landsins, þær eiga í allmörgum tilfellum aðra fjölskyldumeðlimi, vini og/eða kunningja búsetta hér á landi. Margar konur utan EES þekkja hinsvegar engan annan en manninn sinn þegar þær flytja til Íslands.

af voru fjórar frá EES-löndum (7%) og tólf frá löndum utan EES (16%). Aðrar konur virtust eiga einhver tengsl og nefndu kunningja, vinnufélaga, vinnuveitendur, vini/vinkonur og fjölskyldur (systur, bróður, foreldra). Tengslin eru missterk og í mörgum tilvikum ekki þannig að konur hafi í þeim virkt bakland eins og fjölskyldu, svo dæmi sé tekið, eða vini sem hægt er að búa hjá en það kemur skýrt fram í viðtölum við dvalarkonur seinna í skýrslunni. Í allmörgum tilfellum er ekkert vitað um félagslega stöðu þátttakenda. Þess ber að geta að íslenskar konur í ofbeldissamböndum eru oft félagslega einangraðar en þekkt er að karlar sem beita ofbeldi í nánnum samböndum vinna að því að einangra konuna félagslega til að geta betur stjórnað henni.

Af og til verða starfskonur Kvennaathvarfsins vitni að því að erlendar konur mynda sín fyrstu félagslegu tengsl á Íslandi eftir að þær koma í dvöl í Kvennaathvarfið, hvort heldur er innan eða utan þess.

3.6 Trú

Trú og trúarbrögð leika gjarnan stórt hlutverk í lífi fólks þegar það gengur í gegnum erfiða tíma í lífi sínu. Konur í Kvennaathvarfi eru að takast á við erfiðar tilfinningar og þurfa oft að taka afdrifaríkar ákvarðanir fyrir sig og börn sín. Kvennaathvarfið hefur þá stefnu að vera hlutlaus staður þar sem konur og börn eiga skjól óháð uppruna, menningu eða trúarbrögðum. Til marks um það er hvergi spurt um trúarbrögð í komuskýrslu.⁶ Flestar konur virða þetta hlutleysi óumbeðnar svo vel að lítið er vitað um trú og trúrækni almennt meðal dvalarkvenna. Við lestur dagbókarfærslna má sjá að 16% eða 21 kona tjáir sig um trú og þann styrk sem trúin veitir henni. Hópurinn samanstendur af sex EES-konum (11%) og fimmtán konum utan EES (21%) en þær síðarnefndu eru hlutfallslega fleiri. Þess ber að geta að tvær konur í viðtalshópnum töldu trúarbrögð sín heftandi fyrir þær eins og betur verður fjallað um seinna.

⁶ Tekið skal fram að tekið er fullt tillit er tekið til trúarlegra siða dvalarkvenna svo framarlega sem það gengur ekki á rétt annarra í húsinu. Svínakjöt er ekki á borðum þegar þannig ber við, fastandi konur fá leyfi til að borða seinna og dvalarkonum er frjálst að sækja trúarathafnir utan húss að fengnu leyfi þótt tímasetning þeirra skarist á við húsreglur.


3.7 Makar þátttakenda af erlendum uppruna

Eins og áður hefur komið fram eru allar konurnar 130 að flýja ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka. Einhverjar í hópnum hafa komið í dvöl vegna ofsókna fyrrverandi maka eftir sambandsslit eða eftir að hann hefur komið sér inn til konunnar að nýju með góðu eða illu. Í þeim tilfellum getur konunni reynst erfitt að koma manninum út úr húsi, sérstaklega ef hann hefur skráð lögheimili sitt þar, sem stundum gerist jafnvel án vitundar konunnar. Eins og reglur eru í dag þarf ekki skriflegt samþykki húsráðanda til að skrá lögheimili sem gerir hverjum sem er kleift að skrá sig nánast hvar sem er.

Það er áhugavert að skoða uppruna makanna sem koma við sögu, þar sem það getur gefið ákveðna hugmynd um hjónabönd erlendra kvenna á Íslandi almennt og svo auðvitað til að afla frekari bakgrunnsupplýsinga um aðstæður kvennanna í rannsókninni. Félagsslegar aðstæður móta stöðu hvers einstaklings innan þess samfélags sem hann býr í. Má ekki gera ráð fyrir ákveðnum valdamismun milli konu af erlendum uppruna og makans ef hann er til dæmis Íslendingur í sínu heimalandi? Einnig má spyrja hvort meira jafnræðis gæti hjá hjónum/sambýlisfólki sem eru bæði í þeirri stöðu að vera aðflutt til nýja samfélagsins. Þess vegna er áhugavert að sjá í framhaldi hvort uppruni makans hafi áhrif á það hvert konur fara eftir dvöl í Kvennaathvarfinu eins og gert verður í niðurstöðukafla.

3.7.1 Uppruni maka


Nær allir makar kvennanna eru annað hvort íslenskir eða af sama uppruna og þær sjálfar, samanlagt eru þeir 109, eða 84%. Þessi hópur skiptist síðan nokkuð jafnt. Karlar af sama uppruna og konan eru 56 talsins eða 43% en íslensku makarnir reynast vera 53 sem gerir 41%. Af öðrum uppruna eru sextán karlar (12%) en ekki er vitað um uppruna fimm maka í hópnum (4%).



Mynd 2: Uppruni maka - rannsóknarhópur/erlendar konur


3.7.2 Konur innan EES

Þegar makahópnum er skipt eftir uppruna þátttakanda, innan eða utan EES, sést að uppruni maka innan hópanna er ólíkur. Áberandi er hve margar konur frá löndum innan EES eiga maka af sama uppruna og þær sjálfar eða 41 sem gerir 72%. Í níu tilvikum eru makarnir íslenskir (16%), fjórir eru af öðrum uppruna en um þrjá er ekki vitað, eins og sést á mynd 3 hér á eftir.



Mynd 3: Uppruni maka/konur innan EES

3.7.3 Konur utan EES



Mynd 4: Uppruni maka/konur utan EES

Meirihluti maka kvenna utan EES er íslenskur eða 44 sem gerir 60%. Makar af sama uppruna eru 15 eða 21%, tólf makar eru af öðrum uppruna (16%) en uppruni er óþekktur í tveimur tilfellum eða 3% þeirra.

Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið frá 2009 dregur upp svipaða mynd af skiptingu hópanna samkvæmt uppruna kvennanna og maka þeirra.

Í þessum kafla hefur verið dregin upp mynd af bakgrunni og aðstæðum kvennanna í rannsókninni. Næsti kafli skerpir myndina, þar sem hann gefur innsýn í veruleika kvenna sem búa við ofbeldi í nánnum samböndum og baráttu þeirra til að koma sér út úr þeim.

4. AÐ TAKA SKREFIÐ

Ofbeldi í nánum samböndum er flókið fyrirbæri meðal annars vegna þess að það er tilfinningatengt. Í samskiptum sem einkennast af andstæðum svo sem ást og ótta, samþykki og höfnun til skiptis skapast vítahringur sem mörgum konum reynist erfitt að rjúfa. Áður en konur taka skrefið að koma til dvalar í Kvennaathvarfið hefur mismikið gengið á og mislengi eins og kemur fram í viðtölum við fyrrum dvalarkonur. Konurnar segjast allar hafa hugsað málið vel og reynt eins og þær gátu að láta sambandið ganga upp áður en þær tóku ákvörðun um að ljúka því. Meirihluti kvennanna hefur gert fleiri en eina tilraun í þá átt áður en það tekst en áhugavert er að heyra þær sjálfar lýsa ferlinu sem þær gengu í gegnum áður en þær voru tilbúnar að taka á vandanum.

4.1 Að reyna aftur

Einn viðmælandi lýsir reynslu sinni þannig að sambandið hafi verið farið að ganga illa löngu áður en hún sá að hún þyrfti að gera eitthvað í málinu. Hún segir manninn hafa komið illa fram við sig, sýnt sér virðingarleysi og ekki yrt á sig. Henni fannst orðið kvíðvænlegt að koma heim til sín, „ég fann kvíða og hjartslátt“, segir hún. Þessi kona var tilbúin að fara frá mannum sínum þegar hún stóð hann að framhjáhaldi. Þá var henni ofboðið, tók ákvörðun og var tilbúin að standa við hana sama þótt hún væri á götunni með tvö börn.

Fyrir aðrar konur er ákvörðun ekki jafn auðveldlega tekin. Margar ástæður geta orðið til þess, meðal annars niðurbrot sjálfsmýndar konunnar en það er þekkt afleiðing andlegs ofbeldis. Sú upplifun kemur glöggt fram í lýsingu einnar konunnar á upplifun sinni:

Ég var óhamingjusöm og leið illa. Ég breyttist, vinir mínir þekktu mig ekki lengur fyrir sömu manneskju. Áður var ég leiðtogi, sjáðu mig núna, ég get ekki tekið minnstu ákvörðun. Ég bara græt og græt.

Þessi kona segist hafa hugsað lengi um að skilja en hún hefði líklega aldrei getað tekið lokaskrefið, að eigin sögn, vegna þess að hún hafi verið orðin svo brotin andlega. Ákveðin atburðarás fór í gang sem gerði það að verkum að skrefið var tekið fyrir hana,

hún hafði ekki val lengur. Báðar þessar konur fóru í nýjar aðstæður eftir dvöl í Kvennaathvarfinu í fyrstu tilraun en það tekst ekki alltaf.

Konur gera oft fleiri en eina tilraun til að losa sig út úr ofbeldissambandi. Helmingur viðtalskvennanna tíu kom einu sinni í dvöl í Kvennaathvarf og fór síðan í nýjar aðstæður. Hinn helmingurinn skiptist þannig að ein kona kom tvisvar, tvær þrisvar og ein kom fjórum sinnum. Sú tíunda sagðist hafa komið fimm sinnum í dvöl en hún átti tvö ofbeldissambönd að baki með íslenskum mönnum. Hún segist hafa gert um það bil tíu tilraunir til að slíta endanlega sambandi sínu við seinni manninn þegar viðtalið var tekið og er ekki viss um að sér hafi tekist það enn, þau eru í símasambandi að hennar sögn. „Ég tek ákvörðun en get ekki fylgt henni eftir, vegna þess að þetta er fíkn,“, eru hennar orð til að útskýra af hverju henni tekst ekki að taka skrefið.

Hugarfar skiptir sköpum í þessari ákvörðunartöku eins og sjá má í orðum konunnar hér að ofan. Hún er ekki sú eina sem tekur margar atrennur, þrjár konur segjast hafa gert eina eða fleiri tilraunir til að yfirgefa manninn áður en þær komu til sinnar fyrstu dvalar í Athvarfið. Ung kona með barn, sem reyndi tvisvar að fara frá mannum áður en hún leitaði fyrst í Kvennaathvarfið, lýsir þeirri upplifun svo:

Í fyrra skiptið flutti ég til Íslands eftir að hann næstum drap mig, en hann elti mig þangað. Ein ástæða þess að ég ákvað að byrja með honum aftur er að það var erfitt að vera ein í ókunnugu landi. Hann lofaði líka að gera þetta aldrei aftur. Í seinna skiptið uppgötvaði ég að ég var ólétt og ég vildi halda fjölskyldunni saman. Að barnið ætti föður og móður og við værum saman.

Konan segist ekki hafa gefið sér nægilegan tíma til að fá fjarlægð á sambandið í bæði skiptin sem hún reyndi að slíta sambandinu, aðeins tvær vikur í hvort sinn, en sumar konurnar minnst einmitt á að dvöl í Athvarfinu hafi loksins gefið þeim svigrúm til að ná nauðsynlegri fjarlægð á aðstæðurnar til að átta sig á þeim. Þessi kona kom tvisvar í dvöl í Kvennaathvarfið áður en endanleg ákvörðun um sambandsslit lágu fyrir. Hún segir að í seinna skiptið hafi verið rétti tíminn fyrir hana. Áður hafi hún ekki verið tilbúin, sem vísar til hugarástands eða vilja konunnar sjálfar til breytinga en hver kona getur þurft að gera nokkrar tilraunir til að yfirgefa manninn áður en henni tekst að taka skrefið endanlega.

4.2 Hversu oft koma konurnar í Kvennaathvarfið á rannsóknartímabilinu?

Þegar horft er til rannsóknarspurningarinnar er áhugavert að skoða hversu oft hver kona kemur í dvöl, einkum með það fyrir augum að athuga hvort einhver munur sé á rannsóknar- og samanburðarhóp eða innan rannsóknarhópsins. Þess ber að geta að sumir þátttakenda hafa hugsanlega ekki rofið vítahringinn endanlega og eiga eftir að koma oftar í dvöl í Kvennaathvarfið.

Tafla 6: Hversu oft kemur hver kona?

	1x	2x	3x	4x	5x	oftar	Samtals komur	Meðaltal
Konur innan EES (57)	40 (70%)	11 (19%)	3 (5%)	1 (2%)	1 (2%)	1 (2%)	92	1,6
Konur utan EES (73)	54 (74%)	15 (21%)	3 (4%)	1 (1%)	0	0	97	1,3
Heildarfjöldi (130)	94 (72%)	26 (20%)	6 (5%)	2 (2%)	1 (1%)	1 (1%)	189	1,4
Íslenskar konur (154)	127 (82%)	18 (12%)	6 (4%)	0	2 (1%)	2 (1%)	210	1,4

Í töflu 6 má sjá að 82% íslenskra kvenna koma aðeins einu sinni í dvöl en 72% þeirra erlendu. Lítil munur er á konum innan og utan EES nema að fyrrnefndi hópurinn gerir fleiri tilhlaup en sá seinni. Engin kona í þeim hópi er skráð oftar en fjórum sinnum í dvöl.

4.3 Af hverju fara konur heim aftur? Hvað hindrar þær í að yfirgefa manninn?

Þegar litið er til þess álags sem fylgir því að búa við ofbeldi á sínum helsta griðastað, á eigin heimili, er mikilvægt að skilja hvað hindrar konur í að yfirgefa manninn eða hvað rekur þær heim í óbreytt ástand. Þess vegna er áhugavert að fá þær sjálfar til að lýsa upplifun sinni og hér á eftir fylgja svör sem þær gáfu í beinni eða óbeinni frásögn.

Svörin sem konurnar gáfu veita góða innsýn inn í ástæður þess að þær hika við að slíta sambúðinni og hvernig aðstæður og hugarástand hefur áhrif þar að lútandi.

A) A gerði sér ekki grein fyrir að ástandið væri svo slæmt þangað til maðurinn lagði á hana hendur. Hann var mikið að heiman vegna vinnu þannig að þau eyddu ekki miklum tíma saman, álagið var því minna. Það sem hindraði A í að fara frá manninum var þessi daglega rútína að hennar sögn, vani. Hún segist hafa borið tilfinningar til mannsins, verið hrædd við að vera ein og missa dvalarleyfið sitt. A verður einnig tíðrætt um trúarbrögð í þessu samhengi. Hún kemur úr samfélagi þar sem trú hefur sterk ítök og hún sjálf er trúuð, fer oft í kaþólsku kirkjuna hér á landi. A ólst upp við þá hugmynd að þrauka í hjónabandinu, maður skilur ekki við maka sinn fyrr en í fulla hnefana. „Skilaboð trúarinnar eru alveg skýr, kirkjan viðurkennir ekki skilnað og maður er hugsanlega stimplaður.“ Síðasta atriðið sem A segir að hafi hindrað hana í að fara frá manninum er að þau hjónin voru að skipuleggja flutning til útlanda saman.

B) „Dvalarleyfi og að þekkja ekki rétt sinn.“ B segist tvisvar hafa reynt að fara heim til að reyna að búa með manninum, en „hann breyttist ekki og ekkert breyttist.“

C) „Börnin.“ Konan vildi að börnin ættu móður og föður.

D) „Djúpar tilfinningar, góðar minningar taka yfirhöndina og það vaknar von um að maðurinn breytist og maður sjálfur líka. Konan er kannski að gera eitthvað í sínum málum en hann gerir ekki neitt í sínum. Konan er kannski ekki vön að vera sjálfstæð, ekki vön að taka eigin ákvarðanir. Maðurinn vanur að vera stjórnsamur, kann að manipulera. Maðurinn lofar og lofar.“

E) E segist aðallega hafa verið að gefa manninum tækifæri til að breytast.

F) „Kom til Íslands alein, hann var búinn að búa lengur hér. Ég er trúuð og ein. Gat ekki gert allt. Gat ekki ein, svo ég fyrirgaf.“ Þessi kona segir að það sé ekki vel séð að konur í hennar trúarbragðaheimi búi einar.

G) G gefur eftirfarandi svar: „Vonaði að hann breyttist, eða allt yrði betra. Ég fór að trúa að þetta væri allt mér að kenna og þess vegna þyrfti ég að bæta mig og ef ég gerði það yrði allt betra og við gætum verið hamingjusöm. [...] Ég á enga fjölskyldu hér, enga vini.“ Maðurinn hennar vildi ekki að hún ætti vini eða héldi sambandi við vini sína í heimalandinu. G heldur áfram: „Eftir að barnið kom vildi ég ekki taka það frá honum. Hann sagði að ef ég færi tæki hann barnið af mér. Hann segir að ég sé óhæf móðir.“ Eftir að hún átti barn var erfiðara að taka skrefið, að sögn G.

H) H telur upp nokkrar ástæður sem svar við þessari spurningu. Hún nefnir falskar vonir um að þetta myndi lagast, hún hafi verið einangruð félagslega, hún var töluð niður, henni sagt að hún væri vonlaus. Hana vantaði kjark og sjálfstæði. Hún var hrædd við að vera ein og geta ekki staðið á eigin fótum.

I) I telur upp eftirfarandi atriði sem svar við spurningunni: Tilfinningar til mannsins, erfiðar aðstæður á Íslandi, hún sé einmana, maðurinn ásakaði hana fyrir að brjóta upp fjölskylduna og hún var fjárhagslega upp á hann komin.

5. SVAR VIÐ FYRRI RANNSÓKNARSPURNINGUNNI

5.1 Hvert fara konur eftir dvöl í Kvennaathvarfinu?

Þegar dvalarkonur yfirgefa Kvennaathvarfið eru þær spurðar hvert þær fari og það skráð. Í sumum tilvikum nást þessar upplýsingar ekki. Eitt sem vakti athygli rannsakanda þegar unnið var með gögnin var að fjórtán konur segjast fara til vinkonu, vinafólks eða ættingja eftir dvöl sem er auðvitað tímabundin lausn. Hvert þær fara að lokum er ekki vitað en nokkrar þeirra hafa leitað aftur í Athvarfið. Í töflu 7 eru konurnar skráðar í nýjar aðstæður.

Þess ber að geta að ekki er gengið stíft eftir þessum upplýsingum og tölurnar í töflunni taka mið af því hvert konan sjálf segist fara eftir dvöl (ef kona hefur komið oftast en einu sinni er síðasta skiptið látið gilda).

Tafla 7: Hvert fara erlendar konur eftir dvöl í Kvennaathvarfinu?

	Heim/óbreyttar aðst.	Nýjar aðst.	Heim/breytt. aðst.	Ekki vitað
Konur innan EES (57)	18 (32%)	30 (53%)	0	9 (16%)
Konur utan EES (73)	24 (33%)	37 (51%)	10 (14%)	2 (3%)
Samtals (130)	42 (32%)	67 (51%)	10 (14%)	11 (8%)
<i>Samanburðarhópur (154)</i>	<i>40 (26%)</i>	<i>69 (45%)</i>	<i>21 (14%)</i>	<i>24 (16%)</i>

Hér er áhugavert að sjá að 61% erlendra kvenna og 59% íslenskra kvenna fer í nýjar aðstæður og heim í breyttar aðstæður sem er sambærilegt. Hlutfallslega fleiri konur af erlendum uppruna fara heim í óbreytt ástand en íslenskar konur, eða 32% í fyrri hópnunum á móti 26% í þeim seinni. Athygli vekur að engin EES-kona fer heim í breyttar aðstæður og ekki er vitað hvert níu konur í þessum hópi fara eftir dvöl, sem gerir 16%, mun herra

hlutfall en í hinum hópunum. Svo há tala í litlu úrtaki getur vissulega skipt verulegu máli fyrir niðurstöður rannsóknarinnar.

5.2 Hefur uppruni maka áhrif á hvert erlendar konur fara eftir dvöl?

Í framhaldi er áhugavert að skoða hvort uppruni maka hafi áhrif á hvert erlendar konur fara eftir dvöl. Athygli er vakin á því að hér er unnið með tvo óvissuþætti, uppruna maka annars vegar og hvert konur fara að lokinni dvöl hins vegar.

Tafla 8: Hefur uppruni maka áhrif á hvert erlendar konur fara eftir dvöl?

Uppruni maka	Heim/óbreyttar aðst.	Nýjar aðst.	Heim/breyttar aðst.	Ekki vitað
Íslenskur (54)	23 (43)%	28 (52%)	1 (2%)	
Sami (57)	14 (25%)	32 (56%)	3 (5%)	
Annar (16)	4 (25%)	6 (38%)	6 (38%)	
Ekki vitað (5)				13*
Samtals 130	41 (32%)	66 (51%)	10 (8%)	13 (10%)

* Ekki vitað um uppruna maka (5) og/eða hvert konur fara eftir dvöl (8).

Þessi tafla sýnir að svipað hlutfall kvenna fer í nýjar aðstæður eftir dvöl í Kvennaathvarfinu óháð uppruna maka. Fjölmennustu hóparnir, það er makar af íslenskum uppruna og sama uppruna og konurnar, eru nokkuð sambærilegir eða 52 og 56%.

Mun fleiri erlendar konur sem eiga íslenska maka fara heim í óbreyttar aðstæður, eða 43% á móti 25% þeirra sem eiga maka af sama uppruna. Þess vegna er áhugavert að skoða rannsóknarhópin nánar eftir uppruna kvennanna.

Tafla 9: Hefur uppruni maka áhrif á hvert EES-konur fara eftir dvöl?

Uppruni maka	Heim/óbreyttar aðst.	Nýjar aðst.	Heim/breyttar aðst.	Ekki vitað
Íslenskur (9)	4 (44%)	4 (44%)	0	1 (11%)
Sami (41)	12 (29%)	22 (54%)	0	7 (17%)
Annar (4)	1 (25%)	3 (75%)	0	
Ekki vitað (3)				11 (8+3)*
Samtals (57)	17 (30%)	29 (51%)	0	11 (19%)

*Ekki vitað um uppruna þriggja maka/ekki vitað hvert átta konur fara eftir dvöl

Eins og áður hefur komið í ljós í rannsókninni eiga 72% konur frá löndum innan EES maka af sama uppruna. Af þeim fara 29% heim í óbreytt ástand en 54% í nýjar aðstæður eftir dvöl í Kvennaathvarfinu.

Tafla 10: Hefur uppruni maka áhrif á hvert konur utan EES fara eftir dvöl?

Uppruni	Heim/óbreyttar aðst.	Nýjar aðst.	Heim/breytt. aðst.	Ekki vitað
Íslenskur (45)	19 (42%)	24 (53%)	1 (2%)	1 (2%)
Sami (16)	2 (13%)	10 (63%)	3 (19%)	1 (6%)
Annar (12)	3 (25%)	3 (25%)	6 (50%)	
Ekki vitað				2
Samtals (73)	24 (36%)	37 (51%)	10 (14%)	2 (3%)

* Ekki vitað hvert 2 konur fara eftir dvöl

Áhugavert er að skoða tölurnar í töflum 9 og 10 út frá uppruna maka, en stærstu hóparnir eru annars vegar af íslenskum uppruna og hins vegar af sama uppruna og konan sjálf. Niðurstöður fyrr í rannsókninni sýna að 60% kvennanna frá löndum utan EES eiga íslenskan maka. Tölurnar hér sýna að 42% þeirra kjósa að snúa heim í óbreytt ástand. Hlutfall kvenna frá löndum innan EES í þessum sporum er hins vegar mun lægra, eða 29%. Þær eiga í 72% tilvika maka af sama uppruna.

Ein hugsanleg skýring gæti tengst réttindum til búsetu og atvinnu á Íslandi. Ólíkt konum frá löndum utan EES eiga kynsystur þeirra frá EES sama rétt hér á landi og íslenskar konur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og lesa má um fyrir í rannsókninni. Réttindi þeirra eru ekki tengd maka eða hjúskaparstöðu eins og fyrir sumar konurnar frá löndum utan EES. Þessir hópar koma einnig á ólíkum forsendum til Íslands. Margar EES-konur flytja með maka/ fjölskyldu hingað til lands og nokkur fjöldi þeirra á skyldmenni hér. Hins vegar þekkja konur utan EES oft engan við komuna til Íslands fyrir utan eiginmanninn sem þær þekkja misjafnlega mikið. Í sumum tilvikum hafa þær kynnst honum í gegnum netið en einhverjar ganga í skipulagt hjónaband.

Eins og fram hefur komið fer rúmlega helmingur kvenna af erlendum uppruna í nýjar eða breyttar ástæður og er áhugavert að skoða hvað gerir þeim kleift að ljúka sambandinu. Viðmælendur voru spurðir þeirrar spurningar og hér á eftir fylgja svör þeirra:

5.3 Hvað gerði þér kleift að ljúka sambandinu?

A) „Hann sló mig og skemmdi persónulega muni fyrir mér“, segir A. Henni sárnaði mjög og sá að ekki voru forsendur fyrir hana til að búa með þessum manni í framtíðinni. Augu hennar höfðu líka opnast fyrir ofbeldinu eftir að hafa talað við starfskonur Kvennaathvarfsins og fengið upplýsingar um hegðun ofbeldismanna og hvað felst í ofbeldi í nánum samböndum. Auk þess skuldaði maðurinn opinber gjöld sem A þurfti að greiða. Hún fékk þessar fréttir á meðan hún var í dvöl í Kvennaathvarfinu og það styrkti hana í þeirri ákvörðun að segja skilið við hann fyrir fullt og allt.

B) Framhjáhald og langvarandi niðurlæging í hjónabandinu. Maðurinn sýndi engin merki iðrunar og B var nýbúin að fá bréf um fjárnám vegna skulda mannsins. Hún vissi ekkert af þeim. B var aldrei í vafa um hvað hún ætti að gera, sagðist þó hafa hugsað að hún vildi að börnin sín ættu mömmu og pabba. Börnin hennar veittu henni styrk til að framkvæma og koma sér út úr sambandinu. „Krakkar mínir, þess vegna ég sterk. Mig langar í betra líf.“

C) „Þið. Þið sögðuð mér að fólk breytist ekki. Eftir tvö skipti að fara heim sá ég að ekkert breyttist og ég ákvað að fara. Ég treysti ekki lengur. Ég á bara eitt líf, án tilfinninga er ekki hægt að vera hamingjusamur. Hann gerði okkur hrædd. Ég fékk fyrst að vita um minn rétt hér í Kvennaathvarfinu. Ég hef rétt. Hér fékk ég upplýsingar um rétt minn, ég vissi það ekki. Maðurinn minn hélt þessum upplýsingum frá mér. Hann vildi vera allt í lífi mínu, hendur og höfuð.“ Dvöl í Kvennaathvarfi ásamt andlegum stuðningi þar og lögfræðiráðgjöf hjálpuðu C einnig til að taka endanlega ákvörðun.

D) Aðstoðin í heild hjálpaði D til að taka skrefið að hennar mati. „Allt hjálpaði, það er erfitt með barn en gott að finna ég get gert sjálf.“

E) „[...] svo gerði hann bara vont og loksins var ég búin að fá nóg. Og hann var pabbi strákanna. Hélt alltaf að það myndi lagast. Nei, hann ekki lagast.“

F) Andlegur stuðningur ljósmóður og fjölskylduráðgjafa er mat konu F. Móðir konunnar kom í heimsókn til að hjálpa henni þannig að hún var ekki ein. F fór í viðtöl til að styrkja sig. Einnig segir hún að vinkonur hennar í útlöndum hafi stutt hana með ráðum og dád. Þær sendu henni fræðsluefni um ofbeldi í nánnum samböndum á hennar tungumáli. Maðurinn sýndi slíka óbilgirni að hún átti ekki annan kost en að ljúka hjónabandinu. Hann sagði og gerði hluti sem opnuðu augu hennar betur og betur fyrir ofbeldinu.

G) Hugarfarsbreyting hjálpaði G til að fara úr sambúðinni eftir nokkrar tilraunir. Hún segist hafa eignast vini sem hún fór að umgangast mikið. Þá hafi hún kynnst „eðlilegu“ heimilislífi og gerði sér jafnframt grein fyrir hvað hennar eigið var skakkt. Einnig gerði hún sér grein fyrir að hún var í raun að gera allt sem maðurinn hennar hafði sagt að hún gæti ekki. Hún var ólétt að sínu öðru barni og vildi ekki að börnin sín þyrftu að alast upp við þetta ástand. G nefnir einnig öruggt skjól í Kvennaathvarfinu og andlegan stuðning ásamt félagsþjónustunni sem veitti henni öruggt húsnæði í framhaldi af dvöl í Athvarfinu og stuðning heim. Og ekki má gleyma vinunum.

H) Aðalástæða þess að H ákvað að yfirgefa manninn sinn er að hann hélt barninu þeirra

föstu og það vildi ekki vera hjá honum. Önnur atriði sem H nefnir að hafi ýtt undir þessa ákvörðun er til dæmis að maðurinn hafi neytt hana til að fara í Rauða krossinn til að fá ókeypis mat og föt. Þegar barnið þeirra var lítið komst H stundum ekki til þess að svara honum í síma og hann varð brjáláður. Maðurinn hennar kvartaði undan matnum og vildi ekki kaupa föt á barnið. Hann vildi misnota foreldra H fjárhagslega með því að fá hana til að hringja til þeirra í tíma og ótíma og biðja um peninga.

Líklega er enginn betur í stakk búinn til að svara spurningunni hér á eftir en erlend kona sem sjálf hefur staðið í þeim sporum að taka ákvörðun um hvort hún ætti að yfirgefa ofbeldismann og láta reyna á sjálfstæði sitt í nýju samfélagi.

5.4 Hverjar eru helstu hindranir fyrir erlendar konur á Íslandi að fara frá ofbeldismanni?

A) „Menning. Múslimakonur eiga að vera giftar. Bannað að eiga kærasta, bannað að fara út að djamma, að vera einn án fjölskyldu. Þurftir kannski ekki að gifast ef í heimalandi. Við getum ekki gert neitt, enginn til að passa til dæmis. Þú átt kannski vinkonu en hún getur ekki verið maðurinn þinn eða mamma þín. Það er takmarkað hvað hún getur gert mikið fyrir þig. [...] Tala ekki íslensku, ekki hægt að gera allt það sem íslenskar konur gera.“

B) Það er uppeldi eða „cultural background“ að mati B. Konur eru aldar upp þannig að þær stóla á karlmann, ef hann er til dæmis ríkur þá er þitt líf „safe.“ Hún segir konur í viðkvæmri stöðu. Hún hafi upplifað sig eina. Í heimalandi hennar er fólk mikið útivið og það er margt fólk í kringum mann, „hér eru allir inni, maður sér engan. Maður er einmana.“ Hún segist hafa upplifað yfirþyrmandi einmanaleika. Þegar hún kom til landsins var hún hrædd og þunglynd. „I put my life in the man's hand,“ segir hún. B segist hafa verið í miklu rugli, notað áfengi og dóp og hélt því áfram eftir að hún kom til landsins. Hún segist hafa verið föst í eigin vanlíðan, vildi ekki vita neitt. Var samt áhugasöm um íslenskt samfélag. „Konurnar þekkja ekki samfélagið og tungumálið. Þær

fá líka rangar upplýsingar frá mönnunum og þeir draga úr þeim kjark.“ Félagsleg tengsl hjálpa að hennar mati, að hitta aðrar konur í sömu sporum hefur reynst henni vel.

C) Hún segir mikilvægt fyrir útlendar konur að þekkja réttindi sín og geta bjargað sér og vera ekki hræddar við það. Einnig að treysta því að þær fái hjálp. Hún segir þetta land mjög gott, hér sé hægt að vera einstæð móðir með barn. Hér sé mikið öryggi.

D) Svar D var að konur hugsu um börnin, þær vilja ekki sundra fjölskyldunni. Þær halda í vonina um að maðurinn breytist og eru hræddar við hótanir hans.

E) Kona E er þeirrar skoðunar að það sé fyrst og fremst dvalarleyfi sem haldi konum hjá ofbeldismönnum og bætir við: „Vald mannsins, þeir þekkja reglurnar og halda upplýsingum frá konunum. Þeir eru heima hjá sér. Konurnar eru varnarlausar.“ Kona E nefnir einnig vanmátt og fleira. „Konur í þessum aðstæðum missa máttinn og geta ekki framkvæmt. Konurnar eru hræddar um framtíðina. Trúa ekki lengur á sjálfar sig. Hvað gerist? Þær eru óvissar um framtíðina og að þurfa að byrja upp á nýtt. Þora ekki. Þær eru latar, vita að þær þurfa að leggja meira á sig. Konurnar trúa að maðurinn breytist.“ Hún tekur dæmi af einni löndu sinni sem hún kynntist í Kvennaathvarfinu í sömu stöðu og hún sjálf. Sú kona fór aftur heim til mannsins út af dvalarleyfi. „Hún verður orðin brjáluð áður en hún á rétt á dvalarleyfi,“ sagði viðmælandinn, sem hafði sjálf ákveðið að fara ekki aftur heim sama hvaða afleiðingar það hefði í för með sér. „En þú veist, ég reyndi að fara tvisvar heim út af dvalarleyfi, en ég var hrædd þar fyrir mig og barnið mitt. Ég vildi allt gera svo það eigi góða framtíð.“

F) Hennar persónulega skoðun er sú að það tengist ekki uppruna. Hún er þeirrar skoðunar að ef konan geri „cosy“ heima yrði ekkert vandamál. Ef konan er góð og hættir að rífast og æsa sig út í manninn þá gangi sambandið örugglega bara vel, segir hún. Að hennar mati hafi hún sjálf kannski gert mistök með því að vera að atast í mannum – ef hún hefði ekki gert það hefði hjónabandið kannski gengið upp. Kona F er ekki sammála því að karlar séu skrímsli.

Allar konurnar nema ein sem talað var við í viðtölum segja Kvennaathvarfið hafa hjálpað sér mikið bæði hvað varðar húsaskjól og andlegan stuðning ásamt öðrum úrræðum sem þær nutu góðs af sem leiðir okkur að svari við seinni rannsóknarspurningunni sem ætlunin er að svara í þessari skýrslu.

6. ÞJÓNUSTA KVENNAATHVARFS

Þegar Kvennaathvarfið var stofnað árið 1982 var lagt af stað með þá stefnu að starfsemin miðaðist við hjálp til sjálfshjálpar. Konur sem flýja ofbeldi í nánnum samböndum ættu þannig samastað fyrir sig og börn sín en þeim væri ætlað að sjá um næstu skref upp á eigin spýtur. Konurnar sem leituðu aðstoðar í Kvennaathvarfinu voru í upphafi að mestu leyti bornar og barnfæddar á Íslandi. Síðan þá hefur íslenskt samfélag tekið miklum breytingum. Fólki af erlendu bergi brotið setur svip á samfélagið og undanfarin ár hafa konur af erlendum uppruna verið um helmingur dvalarkvenna. Ljóst er að sumar erlendu kvennanna þurfa meiri þjónustu en íslenskar kynsystur þeirra vegna tungumálaerfiðleika og vanþekkingar á íslensku samfélagi. Árið 2007 varð gagnrýni tveggja dvalarkvenna af erlendum uppruna til þess að farið var í að endurskoða verklagsreglur Kvennaathvarfsins til að bregðast við og mæta breyttri stöðu skjólstæðinga þess. Í framhaldi af þeirri vinnu finnst starfskonum Athvarfsins áhugavert að athuga hvað dvalarkonum af erlendum uppruna finnst um dvöl og þjónustu þess.

Í þeim tilgangi voru dagbókarfærslur lesnar yfir og öll gagnrýni skráð sem snýr að starfsemi Kvennaathvarfsins. Alls komu 25 konur af 130 með athugasemdir við aðstöðu eða aðstoð Athvarfsins. Einnig var rætt við tíu fyrrverandi dvalarkonur á rannsóknartímabilinu og þær spurðar hvernig þeim hafi líkað þjónustan og hvernig þær teldu hægt að bæta hana. Allar lýstu þær yfir ánægju með starfsemi Kvennaathvarfsins nema ein. Gagnrýni skal notuð til umbóta og hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim umkvörtunarefnum sem finna má í rannsóknargögnum í formi frásagnar.

6.1 Koma í Kvennaathvarfið

Í rannsóknargögnum vekur athygli að í mörgum tilvikum virðist sem vinkonur bendi erlendum konum á Kvennaathvarfið og fylgi þeim jafnvel í hús. Síðan má nefna félagsþjónustu, lögreglu, heilbrigðisþjónustu, vinnufélaga og/eða yfirmann. Í einu tilviki er tekið fram í dagbókarfærslu að viðkomandi kona hafi fengið lítið spjald með símanúmerum sem dreift var fyrir nokkrum árum. Vitað er til þess að einn maki hafi ekið konu sinni í Ahvarfið en annar benti konu sinni á það til að leysa húsnæðisvanda. Þau voru að skilja og misstu leiguhúsnæði á sama tíma.

Konurnar tíu sem rætt var við í rannsókninni koma ekki að gamni sínu í Kvennaathvarfið. Allar nema ein segjast vera að flýja ofbeldi maka sem hafi hrakið þær brott frá heimili sínu og þær áttu ekki í önnur hús að venda. Kvennaathvarfið var þeirra eina skjól í stöðunni þó að tvær konur í viðmælendahópnum hafi fengið inni nokkrar nætur hjá ættingja annars vegar og vinkonu hins vegar áður en þeim var vísað í Athvarfið. Báðar eru þær með börn. „Í fyrsta sinn sem ég kom í Kvennaathvarfið var ég á götunni.[...] Fyrst var þetta erfitt, en ekkert val, þú verður bara að vera hérna.“ Konan var þá búin að gista hjá vinkonu í nokkrar nætur með börnin sín tvö og leitaði til félagsþjónustunnar sem vísaði henni á Kvennaathvarfið. „Fyrsta sinn, rosalega erfitt, ég grét bara,“ segir ein konan og lýsir að sér hafi liðið illa fyrst þegar hún kom en dvaldi svo fjórum sinnum eftir það og sagði að húsið hefði orðið eins og annað heimili. Tveir viðmælendur benda á að hefðu þær verið í sínu heimalandi hefðu þær fengið húsaskjól hjá mömmu sinni. „Hér fékk ég húsaskjól í Kvennaathvarfinu í staðinn,“ segir önnur þeirra. Athvarfið gegnir þannig hlutverki fjölskyldunnar eða móðurinnar sem yfirleitt er ekki til staðar fyrir erlendar konur á Íslandi, enda nefna þær allar erfiðleika sem fylgja búsetu í nýju samfélagi án stuðningsnets fjölskyldu.

Kvennaathvarfið getur einnig verið „eintómt“ húsaskjól eins og kemur fram hjá einni konunni. Hún segist bara ætla að vera heiðarleg og viðurkenna að hún hafi leitað til Kvennaathvarfsins vegna húsnæðisskorts. Þau hjónin hafi misst leiguhúsnæði um það bil sem þau voru að slíta samvistir og maðurinn hennar benti henni á Kvennaathvarfið. Hún segir sumar konur nota húsið eins og hótél, konur sem sumar eigi fjölskyldu og vini en það hafi hún ekki gert. Hún eigi til dæmis enga fjölskyldu hér á landi eða vini sem hefðu getað hjálpað henni. Hún upplifir því sömu aðstæður og hinar konurnar hvað það varðar nema hún er ekki að flýja ofbeldisfullan maka að eigin mati þegar viðtalið var tekið. Í komuskýrslu lýsir þessi kona andlegu og líkamlegu ofbeldi eiginmannsins sem tók hana meðal annars hálstaki og segir hann hafa hent sér út.

Margar konur velja sjálfar að koma í dvöl í Athvarfið en alltaf eru einhverjar sem koma í fylgd lögreglu eða eru undir þrýstingi barnaverndaryfirvalda til að yfirgefa heimili sitt. Konur sem eru í þeirri aðstöðu að þurfa að yfirgefa heimili sitt, hvort heldur er sjálfviljugar eða nauðugar, eru eins og gefur að skilja ekki endilega sáttar við þá tilhögun. Nokkrar konur í rannsóknarhópnum lýstu almennt yfir óánægu með

Kvennaathvarfið og kvörtuðu undan aðstöðunni í húsinu. Þeim líður ekki vel með að dvelja í því og segjast frekar ætla að fara heim í óbreytt ástand. Ein sagði að það væri ekki gott að vera í húsinu með svo mörgum í herbergi og henni fyndist þjónustan ekki næg. Önnur benti á að það sæist hversu slæmt hús þetta væri fyrst börnin hennar vildu ekki vera í því. Sú kona segist sjá eftir að hafa komið til dvalar í Kvennaathvarfið. Fleiri konur segja frá eigin vanlíðan og/eða að börnum þeirra líði ekki vel. „Mér líður ekkert sérlega vel hér og strákunum ekki heldur. Þeir eru æstir og órólegir,“ segir ein konan og bætir við að annar þeirra hafi dottið niður stiga og fengið kúlu á höfuðið. Önnur segist „ekki sátta við að dvelja hér“ og útskýrir að hún telji það ekki góða reynslu fyrir börn. Ein önnur konan gafst upp á að búa í Athvarfinu með barn vegna þess að það var flókið að vera með barnið en þess ber að geta að hver kona ber ábyrgð á sínu barni og að öllu jöfnu er ekki boðið upp á pössun nema þegar sjálfboðar hafa tök á því. Sú kona var í vinnu og átti erfitt með að finna út úr hvað átti að gera við barnið eftir skóla.

Í máli kvennanna hér að ofan kemur fram óánægja sumra með aðstöðu í húsinu, aðstöðina sem þær fengu, húsreglur og álagið sem fylgir því að vera með börn í athvarfinu. Þetta eru þeir þættir sem dvalarkonur gagnrýna einna helst og því ekki úr vegi að fjalla betur um þá.

6.2 Húsið

Húsið er búið fjórum svefnherbergjum sem þýðir að þegar fleiri konur en fjórar (og/eða börn) eru í dvöl þurfa konur að deila herbergi. Húsið er á fjórum hæðum sem er ekki auðvelt fyrir alla. Þil og gólf eru úr timbri þannig að mjög hljóðbært er í húsinu auk þess sem það er í þeim hluta Reykjavíkur þar sem næturlíf getur verið fjörugt.

Hávaði utan og innan húss truflar nætursvefn sumra kvenna á meðan á dvöl stendur. Fólk að skemmta sér á þar hlut að máli í einhverjum tilvika en lesa má í dagbókarfærslum að grátandi börn virðast oftast trufla nætursvefn dvalarkvenna. Ónæði af símtölum að nóttu til ásamt smáskilaboðasendingum með tilheyrandi pípi er einnig friðarspillir, ekki síst ef konur eru að rífast við ofbeldismanninn.

Baðaðstaða er á tveimur hæðum í Kvennaathvarfinu. Eitt baðherbergi með sturtu og baðkari í kjallara og sturtuástaða á 3. hæð sem er aðeins notuð þegar margir

dvalargestir eru í húsinu. Salarni eru fjögur, eitt á hverri hæð. Konur nefna erfiðleika sem fylgja því þegar margir eru að búa sig undir daginn á sama tíma. Mikið álag er þá á salarni og sérstaklega baðaðstöðu sem gerir það að verkum að þær eða börnin þeirra komast illa að.

Eins og fram hefur komið er húsið á fjórum hæðum sem sumir eiga erfitt með af ýmsum ástæðum. Allmargar konur eru með ung börn með sér í dvöl sem þýðir að þær verða að hafa vakandi auga með börnunum og jafnvel elta þau upp og niður stigana sem skapar mæðrunum vinnu eins og orð einnar bera með sér þegar hún segir „mikið álag að vera með X, ég geri ekkert annað en að elta hann.“ Stigarnir geta einnig reynst barnshafandi konum erfiðir. Einn viðmælandi lýsti því hversu erfitt það hefði verið að þurfa sífellt að fara stigana komin á seinni hluta meðgöngu með barn innan við tveggja ára.

Nú til dags er hægt að sinna flestum erindum á netinu og finna hagnýtar upplýsingar um nánast hvað sem er. Kvennaathvarfið býður ekki upp á þráðlausa nettengingu sem er bagalegt fyrir margar dvalarkonur og hafa þær orð á því, sérstaklega þær sem stunda nám á meðan á dvöl stendur. Ein þeirra líkti netleysi við fangelsisvist og sagði að hún ætti „ekki að vera í fangelsi þótt hún dveldi í Kvennaathvarfi“ en önnur taldi heftan aðgang hafa neikvæð áhrif á námsframvindu hennar. Einn viðmælandi benti á hversu bagalegt það hefði verið að hafa ekki aðgang að netinu til að afla sér upplýsinga um öll þau helstu atriði sem þurfti að finna út úr á meðan dvöl stóð. Konan segir að það hafi tafið hana við að vinna úr sínum praktísku málum þar sem hún átti ekki auðvelt með að fara á bókasafn eða netkaffi með ungt barn. Fleiri konur eru hissa á að netaðgangur skuli ekki vera til staðar og hafa orð á því. Þær finna aðra lausn en ekki fer á milli mála að nettenging væri til bóta að mati margra dvalarkvenna. Þess ber að geta að hægt er að komast á netið á ákveðnum stöðum í húsinu.

Þótt sumar dvalarkonur nefni ýmis atriði sem er ábótavant líður mörgum konum vel í húsinu. Ein konan lýsir því hve húsið hafi verið „cosy“ þegar hún kom til dvalar, ljósaseriur í gluggum, fullt af kertum og blómum í vasa. Hún upplifði hlýju og segir „hér er eins og heima.“ Fleiri kunna að meta húsið. „Góður matur og gisting, það var gott að vera hér,“ segir einn viðmælandi og aðrir koma með sambærilegar umsagnir. „Mjög gott að búa hér,“ segir önnur en sú þriðja lýsir húsinu sem öruggum stað. En til að

dvalarkonum líði vel og finni sem minnst fyrir óþægindum við að dvelja í húsinu með öðrum er nauðsynlegt að hafa húsreglur sem ætlast er til að konur fylgi á meðan á dvöl stendur.

6.3 Húsreglur

Húsregur eru kynntar fyrir konum sem koma í dvöl. Þær snúast að mestu leyti um virðingu dvalargesta í garð hverra annarra, almenna tillitsemi og umgengni í húsinu. Í rannsóknargögnum má sjá að sumar konur upplifa reglur, boð og bönn á neikvæðan hátt og gera að umkvörtunarefni. Ein konan segist á móti þeirri starfsvenju að hafa þrif á ákveðnum dögum eftir lista. Hún segist auðvitað hafa þrifið, hún hafi verið með barnið sitt með sér og viljað hafa hreint fyrir það. Hún hafi þrifið eftir sínum hentugleikum og þegar henni fannst þörf á, en þá var henni kannski bent á að hún ætti þrif og hún hafi verið nýbúin að þrifa. Þessi kona setti út á fleiri reglur og spyr hvort húsreglurnar eigi ekki að gilda fyrir alla, líka starfskonur. Þessi kona segist vera á móti reglum.

Ekki eru allar konurnar jafn neikvæðar og mikill meirihluti sér kosti þess að hafa reglur til að fara eftir þótt það geti verið erfitt að aðlagast þeim eins og sést í frásögn einnar konunnar. Hún hefur komið fimm sinnum í dvöl og segir að sér hafi liðið illa fyrst með öll þessi boð og bönn og vísar í húsreglur. Hún var von að geta haft hlutina eftir sínu höfði en fór svo að líka vel að fá mörk og rútínu í lífið. „Fyrst var rosalega erfitt, ég grét bara. Annað og þriðja sinn miklu auðveldar. Þá vissi ég hvað má ég, hvað má ekki,“ segir önnur og gefur dæmi: „Sunnudagur, barn vaknar, á ég fara bíða eða fara niður.“ Þótt þessi kona lýsi yfir ánægju með Kvennaathvarfið og þjónustu bendir hún aðspurð á eitt sem hún er „ekki alveg ánægð með.“ Í Kvennaathvarfinu er erfitt að vera með börn, segir hún. „Erfitt að láta börn sofa. Kannski hafa þau aðrar svefnvenjur. Eitt vill sofa en önnur eru kannski vakandi. Líka smábörn, erfitt að stjórna hvenær þau sofa,“ bætir hún við og fannst greinilega erfitt að framfylgja húsreglum um háttatíma barna á meðan á dvölinni stóð. Og það er greinilega upplifun fleiri kvenna, því þær húsreglur sem þær gera flestar athugasemdir við snúa að börnunum.

6.4 Börnin

Nokkrar konur lýsa álagi við að vera með börnin með sér í Kvennaathvarfinu og þurfa að fylgja ákveðnum reglum. Mæðurnar skulu bera ábyrgð á sínum börnum og ekki er ætlast til að þau séu skilin eftir ein nema viðkomandi móðir hafi gert samkomulag við aðra dvalarkonu að gæta þeirra. Börnin sem koma í Athvarfið eru sum hver óróleg enda einhver búin að upplifa atburði sem ekkert barn ætti að þurfa að ganga í gegnum. Þau geta því verið hávaðasöm og markalaus sem gerir móðurinni erfitt fyrir og setur hana stundum í óþægilega stöðu gagnvart öðrum dvalarkonum.

Í húsreglum er tekið fram hvenær ætlast sé til að börn séu komin í ró. Rannsóknargögnin sýna að sumum konum finnst þessar reglur óþægilegar og stressandi. Börnin geta verið vön að sofna á öðrum tímum heima hjá sér en pressa verður á mæðurnar að fá þau í ró til að þau ónáði ekki aðrar dvalarkonur og/eða önnur börn. Mæðurnar upplifa einnig álag þegar ónáði skapast af gráti barnanna að nóttu til en það er næst algengasta umkvörtunarefni dvalarkvenna. Það skal tekið fram að í öllum tilfellum hafa þær skilning á að ekkert er við því að gera en það getur samt truflað nætursvefninn og valdið pirringi. Ein kona bað til dæmis um að börn yrðu ekki sett inn til hennar því hún þyrfti að sofa til að „meika daginn.“ Svefn og hvíld skiptir máli í þessum aðstæðum. En börnin sem koma til dvalar eru á öllum aldri og þau „stóru“ geta einnig valdið konum óþægindum af öðrum toga.

Barn er barn í skilningi laga allt til átján ára aldurs og þar af leiðandi á ábyrgð foreldra. Nokkrar konur hafa komið til dvalar með stálpuð börn nálægt sjálfræðisaldri sem skapar viss vandamál þegar barnið er drengur, vegna nábylis í svo litlu húsrúmi. Í tveimur tilvikum hafa dvalarkonur kvartað undan sambýli við stálpaða drengi á þeim tíma sem rannsóknin nær yfir. Þeim finnst óviðurkvæmilegt og óþægilegt að hafa „næstum því karlmann“ í kringum sig eða inni á sér í þessum nánu aðstæðum. Eftir að þessi umræða kom upp hefur verið brugðist við með því að bjóða konunum aðstöðu tveimur hæðum neðar í húsinu þar sem mæðgin eða stálpaður drengur geta verið sér.

Sumar konur vilja gjarnan aðstoð með börnin meðan á dvöl stendur. Barn einnar konunnar veiktist og hún segir að þá hefði hún þurft meiri hjálp eins og sjálfboðaliða eða einhvern til að vera með henni í þessum aðstæðum. Hún segir einnig að það hafi verið

erfitt að vera ein með barn vegna þess að þá sé minni tími til að sinna praktískum málum eins og til dæmis að finna húsnæði.

6.5 Sambúð

Sambúð getur reynt á þolrif hvers einstaklings við venjulegar aðstæður. Þær konur sem koma til dvalar í Kvennaathvarfið eru margar búnar að vera undir miklu álagi áður en þær yfirgefa heimili sín. Aðrar koma alveg óundirbúnar eftir átök og ofbeldi. Við komu er konum boðið að deila húsi með ókunnugum konum og börnum, þar með talið herbergi, sturtu og salernisaðstöðu. Reynt er að halda rekstrarkostnaði við Kvennaathvarfið í lágmarki og því er gert ráð fyrir að dvalarkonur skiptist á að sjá um eldamennsku og þrif í þeim hlutum hússins sem þær hafa til afnota. Sumar eru með eitt eða fleiri börn sem þarf auk þess að sinna. Á sínu heimili hefur hver og einn sína hentisemi en í Kvennaathvarfinu er lítið sem ekkert svigrúm fyrir slíkt nema innan þess ramma sem húsreglur bjóða upp á. Í ljósi þessara aðstæðna er auðvelt að skilja að sú gagnrýni sem oftast má sjá í dagbókarfærslum tengist sambúð við aðrar konur og/eða börn.

Um það bil 16% kvenna í rannsóknarhópnum gera athugasemdir við umgengni og/eða óunnin húsverk annarra dvalarkvenna. Í upphafi hverrar viku er þrifum og matreiðslu deilt niður á dvalarkonur á þar til gerðu eyðublaði sem er hengt upp í eldhúsi þannig að hver kona geti séð hvað fellur í hennar verkahring þá vikuna og hvenær. Margar kvartanir snúa að því að einhver dvalarkonan hafi ekki þrifið á þeim degi sem til var ætlast eða gert það illa og/eða hafi ekki eldað það kvöld sem hún var sett á matinn. Konur verða pirraðar á hinum dvalarkonunum sem þær upplifa að séu ekki að standa sig. Ein dvalarkonan segist til dæmis vera hætt að þrifa eftir aðrar dvalarkonur, hún vinni við ræstingar á sínum vinnustað en ekki í Kvennaathvarfinu. Hún segir jafnframt að öll eða meiri hluti húsverkanna lendi á henni og annarri tiltekinni dvalarkonu.

„Það var allt í lagi að vera í Athvarfinu,“ byrjar einn viðmælandi lýsingu sína á dvöl. Hún heldur áfram og segir allar konurnar vera að glíma við erfiðleika eða koma út af sömu ástæðu. Það sem henni fannst erfitt var þegar aðrar dvalarkonur stóðu sig ekki í húsverkunum. Hún segir að auðvitað líði öllum konum illa sem dvelja í húsínu. Hún hafi

til dæmis þurft að taka sig saman í andlitinu og standa við sín þrif og eldamennsku, það hafi ekki alltaf verið auðvelt. „Svo eru aðrar konur sem gera ekki neitt og allt er sameiginlegt, klósett, eldhús og svo framvegis þannig að þetta lendir á hinum líka ef einn stendur sig ekki.“ Í gögnunum má einmitt lesa um vonbrigði einnar dvalarkonunnar sem kom þreytt og lúin heim úr vinnu og enginn matur tilbúinn eins og hún hafði reiknað með. Sú kona bendir á að hún sjálf eldi öll þau kvöld sem hún væri sett á matreiðslu, hvernig sem á stæði.

Önnur umkvörtunarefni dvalarkvenna varðandi sambúð eru af ýmsum toga. Í einstaka tilvikum kvarta konur vegna sóðaskapar annarra dvalarkvenna og biðja starfskonur að sjá til þess að viðkomandi kona þrífi sig og/eða í kringum sig. Einhverjar nefna reykingar, reykingalykt eða að reykingakonur gangi ekki nógu vel um reykingasvæðið sem dvalarkonur hafa til umráða. Ein viðtalskonan minnst þess að hafa farið upp á svalir að reykja og „þær hafi verið ógeðslegar.“ Upplýsingar liggja fyrir í gögnunum að tvær konur hafi lýst yfir áhyggjum vegna smithættu sjúkdóma í tengslum við vændi eða eiturlyfjaneyslu. Önnur þeirra hafði áhyggjur af barninu sínu þar sem hún hafði fundið áhöld og tól til eiturlyfjaneyslu í húsinu. Þess ber að geta að öll neysla vímuefna er stranglega bönnuð í Kvennaathvarfinu en af og til koma upp tilfelli þar sem konur eru staðnar að neyslu og er þeim þá vísað úr húsi.

Álag sem fylgir sambúð getur haft þær afleiðingar að konur gefist upp á dvöl eins og eftirfarandi dagbókarfærsla sýnir:

Kona er orðin svolítið þreytt á að vera hér í húsi, þó henni líði almennt ágætlega. Konu finnst kominn tími á húsfund því það er kominn upp titringur með verkaskiptinguna. Ætlar að reyna að finna annan stað til að vera á, en henni líður ekki nógu vel í húsi með svo mörgu fólki.

Eins og sést upplifir konan það mikið álag að hún ætlar að reyna að finna annað úrræði, en álagið er vissulega mismikið eftir því hvernig stendur á þegar konur koma í dvöl. Ein segir allt í lagi að vera í Kvennaathvarfinu, „allt í lagi á meðan að það voru ekki margar konur, þegar fleiri konur var meira erfitt.“ Stundum er húsið svo til tómt þegar konur koma í dvöl en getur einnig verið þéttskipað. Hvaða konur raðast saman skiptir máli, í sumum tilvikum gengur allt vel þótt húsið sé fullt. Þrátt fyrir álag og erfiðleika sem geta fylgt dvöl má sjá að þegar konur horfa til baka er minningin ekki svo slæm eins og

eftirfarandi orð einnar konu sýna. Hún segir að „eftir á að hyggja var dvölin ekki svo slæm en það var slæmt meðan á því stóð.“ Þessi kona gagnrýndi starfskonur og húsreglur mest allra.

Allt hefur sína kosti og galla, þannig er einnig með sambúð. Nokkrar konur hafa orð á að sambúðin geri þeim gott og þær kunna að meta samvistir við aðrar konur. Þannig eru þær ekki einar að takast á við aðstæður. „Gott að hafa fólk í kringum sig þegar manni líður illa,“ segir ein og önnur tekur undir þau orð. Þær kunna að meta að hafa félagsskap og hafa hlustendur eins og eftirfarandi dagbókarfærsla sýnir: „Kona þakkaði með tárin í augunum fyrir að hlusta á sig,“ en nokkrar þakka sérstaklega fyrir andlegan stuðning og fræðslu um ofbeldi. Hér að framan talaði kona sem var að gefast upp á dvöl í Athvarfinu vegna álags en önnur kona lýsir hinni hliðinni. Hún þakkar fyrir starfsemi Kvennaathvarfsins og segir:

Mjög gott að að búa hér og ræða við ykkur, fá ráð og mikil þekking á málefnum. Hefði til dæmis verið farin til mannsins aftur ef ég hefði búið annars staðar eins og á hóteli til dæmis.

Úr orðum konunnar má lesa hversu mikilvægt henni var að eiga Athvarfið sem húsaskjól en andlegi stuðningurinn og fræðslan sem hún fékk skipti ekki síður máli. Það dregur einmitt athygli að hinum þætti þjónustu Kvennaathvarfsins sem felst í aðstoð, andlegum stuðningi og fræðslu og þar gegna starfskonur stóru hlutverki.

6.6 Aðstoð

Fræðsla um ofbeldi og afleiðingar þess, viðtöl til að styrkja konur og efla sjálfsmynd þeirra og stuðningur af ýmsu tagi er hluti af þjónustu Kvennaathvarfsins. Starfskonur aðstoða einnig dvalarkonur eftir megni við að leysa úr praktískum málum og beina þeim til annarra þjónustuaðila þegar það á við.

Við lestur rannsóknargagna má sjá að aðstoð starfskvenna við dvalarkonur er af ýmsum toga. Atvinnu- og húsnaðisleit ber oftast á góma en samskipti við opinberar stofnanir, skóla, leikskóla eða önnur fyrirtæki, svo sem fjármálastofnanir, er einnig oft getið. Fyrir nokkrum árum gaf kona eina milljón krónur til hjálpar konum í neyð og margar dvalarkonur hafa notið góðs af. Sumar konur koma fatalausar í dvöl en Kvennaathvarfið er í góðu samstarfi við Rauða kross Íslands sem hleypur undir bagga í

slíkum tilvikum. Samstarfið felur einnig í sér sjálfboðaliða sem koma og létta undir með konunum með því að passa börnin svo þær geti hvílt sig. Strætómiðar, keyrsla innanbæjar, milli bæjarfélaga og út á land ásamt húsgagnaleit og söfnun innanstokksmuna kemur einnig fram í gögnunum og sitthvað fleira. Þar má lesa að starfskonur eru tilbúnar þegar þurfa þykir og mögulegt er að ganga út fyrir sitt verksvið og virkja til þess ættingja og vini ef þurfa þykir.

Starfsemi Kvennaathvarfsins felur í sér nána samvinnu við nokkrar stofnanir. Þar má nefna lögreglu, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og lögfræðiráðgjöf. Í rannsóknargögnum má sjá að mörgum dvalarkonum er beint til þessara aðila eins og sést í töflu 11 hér á eftir.

Tafla 11: *Helstu þjónustuúrræði sem konunum í rannsókninni er beint í af starfskonum Kvennaathvarfsins*

	Lögregla v/kæru	Lögfræðiráð- gjöf	Félags- þjónusta	FEF ⁷	Atvinnu- leit	Húsnæðis- leit
Konur innan EES (57)	4 (7%)	11 (19%)	13 (23%)	8 (14%)	3 (5%)	11 (19%)
Konur utan EES (73)	9 (12%)	29 (40%)	16 (22%)	7 (10%)	7 (10%)	10 (14%)
Samtals (130)	13 (10%)	40 (31%)	29 (22%)	15 (12%)	10 (8%)	21 (16%)

Í þessari töflu vekur athygli hvað lögfræðiráðgjöf til kvenna frá löndum utan EES er hlutfallslega meiri miðað við kynsystur þeirra innan EES og má eflaust rekja það til stöðu þeirra á Íslandi varðandi dvalarleyfi og búseturétt.

⁷ Félag einstæðra foreldra

Starfskonur Kvennaathvarfsins gegna stóru hlutverki í starfseminni og þeirri aðstoð sem konur fá í húsinu. Til dæmis er algengt að dvalarkonur myndi sérstök tengsl við þá starfskonu sem tekur á móti henni í dvöl. Einn viðmælandinn lýsir upplifun sinni við komu. Þá var sumar og flestar fastráðnar starfskonur í sumarfrí. Konunni líkaði vel við sumarstarfskonurnar en sagði að þegar hinar komu aftur til starfa fannst henni hún missa tenginguna. „Mér fannst starfsfólkið sem var fyrst nær mér og hjálpaði mér meir til að líða betur.“

Í dagbókarfærslum er skráð að nokkrar konur settu út á aðstoð Kvennaathvarfsins á þeim tíma sem rannsóknin nær yfir. Þær töldu aðstoðina hvorki nægilega mikla né góða. Ein kona segir Athvarfið vera eins og ódýrt hótél, engin sálfræðiaðstoð sé veitt í Athvarfinu og konum hvorki hjálpað til að finna vinnu né húsnaði. Önnur kona gagnrýnir starfskonu Athvarfsins sem hún hafði talað við áður en hún kom í dvöl. Hún segir starfskonuna hafa lofað sér að auðvelt væri að finna vinnu og húsnaði. Reyndin hafi verið önnur og „nú situr hún ein í húsi, þar sem enginn vill hjálpa henni og enga hjálp að fá,“ má lesa í dagbókarfærslu. Þar að auki upplifir dvalarkonan að hafa fengið rangar upplýsingar í ráðgjöf hjá lögfræðingi Alþjóðahúss varðandi sín mál. Í rannsóknargögnum má sjá að gagnrýni kvennanna tveggja vakti spurningar hjá starfskonum hvort Kvennaathvarfið veitti erlendum konum nægilega aðstoð. Þess vegna var farið í ákveðnar breytingar á þjónustu Athvarfsins sem miðuðu að því að auka aðstoð til erlendra dvalarkvenna þegar þess þyrfti.

Einn viðmælandi var síður en svo sáttur við þjónustu Kvennaathvarfsins og hafði ýmislegt sem hún vildi koma á framfæri varðandi samskipti sín við starfskonur þess. Að hennar mati var ekki tekið mark á henni þegar hún tjáði líðan sína eða hlustað á hana. Hún lýsir tilfinningunni með eftirfarandi orðum: „We listen to you but we don't take you seriously.“ Konan upplifði valdamismun í samskiptum dvalar- og starfskvenna og var þeirrar skoðunar að húsreglur ættu að gilda jafnt fyrir báða hópana. Einnig var hún ósatt við að hafa til dæmis fengið herbergisfélagaga með mjög stuttum fyrirvara sem hún upplifði með vilja gert til að koma henni út úr húsi. Konan var ósátt við hvernig henni var sagt að hennar tími væri kominn til að yfirgefa Athvarfið. Hún hafi aðeins fengið nokkra daga til að undirbúa sig. Hún var ósátt við starfskonuna sem færði henni þessar fréttir og bendir á að starfskonur þurfi grunnmenntun eða sérfræðimenntun meðal annars

til að meta aðstæður og segja konum frá svona hlutum á faglegan og réttan hátt. Konan segist gera sér grein fyrir að allar starfskonurnar reyni að gera sitt besta, en þær þurfi að hugsa um hvernig upplýsingar séu settar fram fyrir dvalarkonur. Þess vegna þurfi þær meiri menntun til að gera sér grein fyrir við hvern er verið að tala. Konan segist vilja meira „professional“ starfskonur eins og til dæmis sálfræðinga.

Fleiri konur eru sama álitis. Nokkrum konum finnst undarlegt að Kvennaathvarfið skuli ekki bjóða upp á þjónustu sálfræðings. Af tíu viðmælendum óska tveir eftir fagmenntuðum sálfræðingum en einnig má finna nokkrar færslur í dagbækur hvað þetta varðar. Eins og starfsemi Athvarfsins er háttað vinna starfskonur sem ráðgjafar með sérþekkingu á ofbeldi í nánum samböndum og veita dvalarkonum viðtöl á meðan á dvöl stendur en viðtalsþjónusta Kvennaathvarfsins stendur öllum konum til boða hvort sem þær dvelja í húsinu eða ekki. Ein konan sem óskaði eftir sálfræðiþjónustu sagði aðspurð um viðtölin sem boðið er upp á að þau væru ágæt. Henni hafi fundist erfitt að ætla að tala í klukkutíma en svo leið klukkutíminn svo hratt að hún var alveg hissa. Konunni fannst af sér létt þegar hún hafði verið í viðtölum en hún heldur að sálfræðingur gæti gert meira, hann viti meira.

Önnur athugasemd sem konurnar í rannsóknarhópnum gerðu og tengist menntun starfskvenna er tungumálakunnátta. Ein konan segir dvalarkonur ekki hafa fengið nægilega góða aðstoð vegna þess að einhverjar af starfskonum Athvarfsins tali ekki ensku. Hún segist til dæmis hafa þurft þjónustu til að sinna ýmsum erindum sem hún gat ekki annast sjálf í síma vegna tungumálaerfiðleika. Hún bætir við að hún hefði gjarnan þegið meiri aðstoð við að leita að húsnæði sem hún ekki fékk þar sem starfskonur gátu ekki hjálpað henni vegna ónógrar málakunnáttu. Þótt nokkrar konur gagnrýni og séu ekki allkostar ánægðar með þjónustu Kvennaathvarfsins vekur athygli að þær sem gagnrýna jafnvel mest þakka best fyrir sig þegar þær yfirgefa Athvarfið.

Langflestar dvalarkonur eru ánægðar með þá aðstoð og þjónustu sem þær nutu í Kvennaathvarfinu og allir viðmælendur nema einn eru almennt jákvæðir í garð þess og þjónustunnar sem það veitir, þótt aðspurðar finni þær atriði sem betur mættu fara eins og gerð hefur verið grein fyrir hér í umfjöllun. „Mjög ánægð með þjónustuna. Það var gott að fá þennan andlega stuðning og aðstoð þegar manni líður illa. Það styrkti mig svakalega. Ég sakna þess að að geta ekki komið og talað við ykkur,“ segir einn

viðmælandi sem talað var við með túlki. Aðspurð segist hún ekki hafa þurft meiri hjálp með praktísk mál. Hún sagði að það hefði gert hana sterkari að þurfa að fara sjálf í stofnanir og aðra staði til að sinna sínum málum. Þannig hafi hún öðlast kjark og sjálfstæði og það hafi hjálpað henni til að skilja kerfið og stöðu sína betur. „Maður verður að geta hjálpað sér sjálfur,“ ítrekar hún og bendir svo á að hún hafi verið ólétt og hafi þurft að taka ábyrgð. Undir þau orð taka fleiri konur: „Ég veit að ég þarf að vera sterk og taka lífið í mínar hendur,“ segir ein og bætir við að þetta ferli hafi styrkt hana „rosalega mikið“. Hún hafi verið ósjálfstæð en nú hafi hún styrkst heilmikið. Aðstoðin í heild sem þessi kona fékk hjálpaði henni til að taka skrefið að hennar mati. „Allt hjálpaði, það er erfitt með barn en gott að finna ég get gert sjálf.“

Tveir viðmælendur gera samanburð á þjónustunni sem þeir hafa fengið í Kvennaathvarfinu á Íslandi og athvarfa í heimalandi sínu, sem er áhugavert. Í viðtölunum kemur fram að tvær konur höfðu rætt annars vegar við vinkonu og hinsvegar við systur í heimalandi sínu til að segja þeim frá aðstæðum sínum. Önnur konan sagði systur sína hafa spurt sig hvernig henni liði og lýsti konan fyrir systurinni hvað allir væru að hjálpa sér mikið, hringja fyrir sig og svo framvegis. Systir hennar hafi þá sagt henni hvað hún væri heppin því kvennaathvörf í heimalandi þeirra veittu konum enga þjónustu. „Það er bara staður, herbergi til að vera í en enginn hjálpar þér neitt,“ er lýsing konunnar. Samkvæmt upplýsingum frá vinkonu hinnar konunnar geta konur ekki verið lengi í kvennaathvörfum í heimalandi þeirra, þær séu jafnvel 15-20 saman í einu herbergi og engin aðstoð í boði. Önnur konan segir svo:

Hér fæ ég andlega aðstoð, og til að finna húsnæði og vinnu. Hér er ég frjálst og fæ virðingu. In this house I have a choice. [...] Þótt ég hafi ekki getað borgað við komuna fæ ég samt að vera hér. Er eitthvað sem er hægt að gera betur? Here is more than enough, for me...

Þakklæti kemur víða fram í dagbókarfærslum, frá dvalarkonum sjálfum en einnig frá foreldrum þeirra og fjölskyldu erlendis sem eru þakklát fyrir að dóttirin eigi skjól og aðstoð í Kvennaathvarfinu á erfiðu tímabili í hennar lífi langt að heiman. Sumar konur segja dvöl í Kvennaathvarfi hafa bjargað lífi þeirra eins og eftirfarandi dagbókarfærsla sýnir:

Telur húsið vera að koma í veg fyrir að hún fari í vorkunnsemi til ofbeldismannsins aftur. Kona upplifir að Athvarfið hafi bjargað lífi hennar þegar hún kom. Er enn jafn ánægð með að hafa fundið það. Athvarfið bjargaði lífi hennar, nú er hún að finna frelsi í fyrsta sinn í mjöög langan tíma.

Þakklæti annarra snýr að starfskonum og aðstoð þeirra. Einn viðmælandi segir allar starfskonur Kvennaathvarfsins frábærar, þær hafi bjargað lífi hennar með aðstoð og umhyggju en önnur lýsir því svo: „Eftir að ég kom hingað hef ég fundið hlýju í hjartanu sem ég fann aldrei [í minni heimabyggð].“ Margar konur þakka vel fyrir sig við brottför og sumar lýsa yfir löngun til að endurgjalda aðstoðina í formi sjálfboðaliðastarfs eða á einhvern annan hátt.

En leyfum einni dvalarkonu og viðmælenda að eiga lokaorðin. Hún hefur komið fimm sinnum í dvöl í Athvarfið og þekkir það því vel, enda segir hún að húsið sé eins og sitt annað heimili. Aðspurð segir hún góðar minningar fylgja dvölinni. Að hennar mati hefur hún fengið alla þá hjálp sem hún þurfti í Kvennaathvarfinu en hún hafi ekki verið tilbúin andlega að nýta sér hana, tálminn sé hún sjálf: „I always got the true answers in this house, but I didn't wanted to hear them.“ Þessi kona er enn að berjast við að ljúka sambandi sínu við ofbeldismann.

7. ÖNNUR ÞJÓNUSTA – SAMSTARFSADILAR KVENNAATHVARFSINS

Kvennaathvarfið er neyðarathvarf fyrir konur og börn sem ekki geta dvalið á heimilum sínum vegna ofbeldis. Dvöl í Athvarfinu er því aðeins tímabundið úrræði á meðan konur eru að leysa úr sínum málum. Sumar ákveða að snúa heim aftur í óbreytt ástand en aðrar leita í nýjar aðstæður. Í þeim tilvikum er mikilvægt að konur hafi aðgang að þjónustu sem gerir þeim kleift að taka það skref. Þess vegna var safnað upplýsingum um helstu þjónustu sem konurnar í rannsókninni höfðu aðgang að og nýttu sér. Konurnar tíu sem tekið var viðtal við voru spurðar að því hvaða þjónustu þær höfðu fengið og hvernig þeim líkaði hún.

Tölulegum upplýsingum sem birtast í þessum kafla ber að taka með fyrirvara. Við vinnslu þeirra er stuðst við dagbókarfærslur en þar liggja þessar upplýsingar ekki alltaf fyrir. Til dæmis er oft ekki vitað í hvernig húsnæði konurnar búa áður en þær koma til dvalar í Kvennaathvarfið, en kemur aðeins fram í gögnum ef málið hefur komið upp í umræðu eða af praktískum ástæðum. Þannig er einnig með fleiri þjónustuúrræði sem konurnar fengu, þau sem ekki hafa verið skráð í dagbækur koma ekki fram í umfjöllun.

7.1 Félag einstæðra foreldra

Nokkrar dvalarkonur leituðu aðstoðar Félags einstæðra foreldra (FEF) á rannsóknartímabilinu. Í rannsóknargögnum má lesa að fjórtán konur samtals (11%) hafi nýtt þjónustu FEF, sjö úr hvorum hópi sem gerir 12% fyrir konur innan EES en 10% fyrir konur utan EES. Á rannsóknartímabilinu bauð félagið meðlimum sínum upp á þjónustu félagsráðgjafa, ókeypis lögfræðiráðgjöf og ódýrt bráðabirgðahúsnæði sem nýttist þá aðeins einstæðum mæðrum í rannsóknarhópnum. Húsið sem FEF hafði til umráða var selt haustið 2011 en var til staðar mestallan tímann sem þátttakendur rannsóknarinnar dvöldu í Kvennaathvarfinu. Fleiri konur nýttu sér lögfræðiráðgjöfina en húsnæðið (þrjár-fjórar). Ekki er boðið upp á tülkaþjónustu í FEF, sem er bagalegt fyrir sumar dvalarkonur.

Viðtöl:

Af tíu konum sem var rætt við minnst þrjár á FEF þegar þær voru spurðar hvaða þjónustu þær hefðu nýtt til að taka skrefið í átt að nýju lífi. Öðrum hafði verið vísað til félagsins en aðstoð í boði hentaði ekki. Konurnar voru spurðar hvernig þeim hefði líkað þjónusta FEF. Ein svaraði því til að hún hefði verið ánægð með félagsráðgjafann sem hafði hjálpað þeim hjónum að ná samkomulagi með umgengni við barnið þeirra í skilnaðarferlinu en önnur var miður ánægð eftir samskipti sín við hann. Hún segir félagsráðgjafa félagsins hafa spurt hana hvort hún hefði möguleika á að snúa aftur til síns heimalands, spurning sem konan var ekki sátt við. Tveir viðmælendur urðu fyrir vonbrigðum með lögfræðing félagsins og fannst eftirfylgni mála sinna ábótavant. Hann hafi ætlað að afla upplýsinga fyrir þær varðandi lögskilnað hjá Sýslumanni en þær hafi ekki heyrt frá honum aftur. Það skal tekið fram að báðar konurnar svöruðu því til að þær hafi sjálfar ekki haft sig eftir þessum upplýsingum hjá lögfræðingi félagsins.

7.2 Félagsþjónusta

Á undanförunum árum hefur verið unnið að styrkingu samstarfs milli Kvennaathvarfsins og félagsþjónustu sveitarfélaganna með betri þjónustu við dvalarkonur að leiðarljósi. Góð samvinna hefur tekist milli Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Athvarfsins. Félagsþjónusta Reykjavíkur sendir félagsráðgjafa aðra hverja viku í Kvennaathvarfið til að veita konum hagnýtar upplýsingar ef óskað er. Hann getur síðan vísað konum áfram í kerfinu þegar nauðsyn krefur. Kvennaathvarfið hefur einnig greiðan aðgang að félagsráðgjöfum Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Þar sem Kvennaathvarfið þjónar öllu landinu er samvinna við öll þau sveitarfélög sem tengjast skjólstaðingum þess. Hún er þó mismikil. Tæpur helmingur dvalarkvenna á rannsóknartímabilinu naut aðstoðar Félagsþjónustu sveitarfélaganna eða 54 konur sem gerir 42%. Þar af voru 25 konur (19%) þegar skjólstaðingar félagsþjónustunnar við komu í Kvennaathvarfið, tíu EES-konur (18%) og fimmtán konur utan EES (21%). Aðrar 29 bættust í þann hóp eftir komu í Athvarfið, átján konur frá löndum innan EES (32%) en ellefu utan EES (15%). Í rannsóknargögnum kemur fram að konurnar fengu ýmiskonar þjónustu. Fyrir utan félagslega framfærslu má þar nefna peningastyrki af ýmsum toga og/eða tímabundið lán

til að gera konum kleift að komast yfir erfiðasta hjallann þegar þær fara í nýtt húsnæði, svo dæmi séu nefnd. Alls fundust færslur um tíu konur sem höfðu fengið slíka aðstoð, tvær EES-konur en átta frá löndum utan EES. Félagsþjónustan býður skjólstæðingum sínum stuðningsviðtöl og/eða sálfræðiaðstoð ef þurfa þykir. Auk þess má sjá að tvær konur hafa fengið aðstoð til að komast til heimalands síns sem útlendingar í neyð. Í einstaka tilvikum hefur starfsmaður félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags komið í hús og sótt börn í og úr leikskóla eða til að sinna sínum konum í Athvarfinu. Einnig er skráð aðstoð vegna tannlækninga barns og heilbrigðisþjónusta fyrir börn hælisleitenda. Eins og sést er margvísleg félagsleg aðstoð skráð í dagbókarfærslur.

Flestar konurnar sem fara í nýjar aðstæður eftir dvöl eru í (maðurinn flytur út) eða fá félagslegt húsnæði. Þær sem ekki komast í þann hóp eiga oftast rétt á sérstökum húsaleigubótum þar sem konurnar eru margar í láglaunastörfum eða með lágmarksframfærslu. Í gögnunum kemur fram að sjö konur, allar utan EES, eru með félagslegt húsnæði við komu í Kvennaathvarfið. Ýmist leigja þær húsnæðið einar eða með maka. Í sumum tilfellum hefur maki eða fyrrverandi maki flutt inn á konuna. Þess ber að geta að eins og reglur eru í dag er auðvelt að skrá lögheimili sitt hvar sem er vegna þess að ekki þarf skriflegt samþykki húsráðanda. Aðrar sjö konur fengu félagslegt húsnæði eftir komu, þrjár EES-konur og fjórar frá löndum utan EES samkvæmt rannsóknargögnum. Þegar litið er á fjölda kvenna sem vitað er til að búi í eða fari í félagslegt húsnæði eftir dvöl má segja að fjórtán konur, tæp 11%, sé ekki hátt hlutfall en hafa ber í huga að ekki er leitað kerfisbundið eftir þessum upplýsingum. Þess ber einnig að geta að sumir þátttakendur hafa ekki tilskilin réttindi til að geta nýtt sér félagslega þjónustu.

Viðtöl:

Nær allar konurnar sem rætt var við höfðu notið félagsþjónustu af einhverju tagi eða átta af tíu. Önnur þeirra tveggja sem eftir er var í samskiptum við Barnavernd þannig að aðeins ein kona í hópnum hefur hvorki átt samskipti við Félagsþjónustu né Barnavernd. Umsögn kvennanna er í heildina jákvæð og þær eru að mestu ánægðar með þjónustuna.

Af þessum tíu konum búa fjórar í félagslegri íbúð. Þær eru hæstánægðar að vera komnar með öruggt húsnæði. „Að fá öruggt húsnæði skipti mjög miklu máli, bjargaði mér... þessi íbúð,“ segir ein konan. Önnur segir að eftir á að hyggja hafi þjónusta Félagsþjónustunnar verið góð. Þegar hún var í aðstæðunum var bara svo erfitt að bíða og bíða eftir íbúð. Hún skilur samt að ferlið tiki þennan tíma. Hún sér í dag að þannig er það en hún sá það ekki þegar þetta var allt að gerast og hún sjálf stressuð og döpur. Í hennar huga var einn dagur eins og eitt ár. Fleiri konur minnst á biðina og hvernig hún tekur á taugarnar. Fyrirverandi maður einnar konunnar hafði flutt inn á hana aftur og það tók mánuð, að hennar sögn, að koma honum út með tilheyrandi bréfaskriftum Félagsbústaða. Senda bréf og bíða eftir svari, en „auðvitað svaraði hann aldrei,“ bætir hún við. Á meðan dvaldi hún í Kvennaathvarfinu með tvö börn.

Sveigjanleiki félagsráðgjafanna kemur fram í umræðu tveggja kvenna. Þær lýsa hvernig þeir hafi tekið mið af aðstæðum og þanið réttindarammann til hins ítrasta fyrir þær. Önnur segir til dæmis að hún hafi fengið sérstakar húsaleigubætur, sem hún er óendanlega þakklát fyrir, þótt hún hefði ekki átt rétt á þeim samkvæmt reglum. Þá var hún langt gengin með annað barn sitt og með hitt innan við tveggja ára í dvöl. Hin var ánægð með sínar sérstöku húsaleigubætur sem gerðu henni kleift að finna sér íbúð fljótt á almennum markaði, og þannig þurfti hún ekki að bíða eftir félagslegu húsnæði. Einn viðmælandi bendir á kosti þess að hafa meiri samvinnu milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu þannig að konur séu ekki bundnar af búsetu á ákveðnum svæðum. Sú kona varð að yfirgefa heimilið með barnið sitt að ósk Barnaverndar en það tók tíma að finna annað húsnæði, meðal annars vegna þess að hún var bundin af því að búa í sínu sveitarfélagi. Með meiri samvinnu gætu réttindi flust milli sveitarfélaganna, að hennar áliti, það hefði komið sér vel í hennar tilfalli. Hún segist nokkuð ánægð með félagsráðgjafann sinn, þótt hún hafi upplifað að hún þyrfti í sumum tilfellum að ganga eftir upplýsingum um réttindi sín. Önnur tekur undir þau orð en var einnig ánægð með sinn félagsráðgjafa, meðal annars vegna þess að hann spurði ekki of margra spurninga.

Ánægja einnar konunnar í hópnum var ekki eins mikil hvað varðar félagsráðgjafa. „She tried to help,“ segir konan en upplifði ekki mikla hjálp. Hún segir að þau hjónin hafi farið saman að hitta félagsráðgjafann vegna vandamála í sambandinu. Að sögn konunnar var félagsráðgjafinn kurteis við manninn en konan fékk á

tilfinninguna að hún væri annars flokks. Í framhaldi upplifði konan svo að félagsráðgjafinn hefði ekki sýnt áhuga á hennar aðstæðum og barnsins hennar og látið sig litlu varða hvað um þau yrði. Til marks um það sagði konan að félagsráðgjafinn hefði hringt í Kvennaathvarfið og spurt fréttu af þeim mæðgum en ekki talað við hana sjálfa. Konunni sárnaði við félagsráðgjafann.

„Þetta var rosalega erfitt, en ég fékk rosalega fína hjálp,“ eru orð einnar konunnar þegar hún lýsir aðstoðinni sem hún fékk hjá Félagsþjónustunni. Hún lýsir því hversu mikil hjálp henni hafi verið í að fá „aðstoðina heim“, sem felst í að starfsmaður Félagsþjónustunnar fari heim til fólks og hjálpi til við það sem þarf að gera. Hún var þá orðin tveggja barna móðir, yngra barnið nýfætt. Hún segist oft þreytt og lýsir því hversu erfitt það getur verið að vera einn með tvö ung börn. Hún segir að þetta hafi ekki alltaf verið auðvelt. Hún hafi gengið í gengum sína erfiðu daga, verið döpur og einmana, en það líði hratt hjá. Konan segist hafa fengið fæðingarþunglyndi þegar hún átti seinna barnið og það hafi hjálpað henni mjög mikið að fá einhvern heim til sín til að létta undir og heimsækja sig. Konan klökknar þegar hún segir frá hvað þessi þjónusta breytti miklu fyrir hana.

7.3 Barnavernd

Í nokkrum tilfellum hafa barnaverndaryfirvöld haft afskipti af málum dvalarkvenna vegna tilkynninga(r) um ofbeldi á heimili. Í einstaka tilvikum hafa konur leitað í Kvennaathvarfið eftir að barnaverndaryfirvöld hafa skikkað þær til að slíta sambúð við ofbeldismann vegna ólíðandi ástands heima fyrir. Þar sem þær hafa ekki haft í önnur hús að venda upplifa þær sig stundum þvingaðar til dvalar í Athvarfinu. Í dagbókarfærslum má finna 26 mál þar sem afskipti Barnaverndar eru skráð, eða 20%. Þar af eru átján mál sem tengjast konum utan EES (25%) en átta frá löndum innan EES, eða 14% í þeim hópi.

Viðtöl:

Barnavernd hefur komið að málum nú af tíu viðmælendum eða allra þeirra kvenna í hópnum sem eiga börn á framfærslu. Á heildina litið virðast konurnar frekar ánægðar með afskipti barnaverndaryfirvalda. Í einu tilviki var barni komið fyrir í fóstur og sú móðir er ánægð með hvernig að því var staðið. Önnur segir Barnavernd hafa fengið tilkynningu eftir að hún hringdi í lögreglu og í framhaldi hafi hún getað verið í samstarfi við leikskóla upp á að fá að vita ef pabbinn kom að sækja barnið. Hennar ósk var að banna föðurnum alfarið að ná í barnið á leikskólann en sættist á þessa lausn og finnst hún hafa virkað vel. Ein konan er virkilega ánægð með sinn barnaverndarstarfsmann. Hann þrýsti á konuna að fara að heiman vegna óviðunandi aðstæðna þar fyrir barnið og reyndist henni vel í kjölfarið. Hún segir að þessi starfsmaður hafi kynnt að fyrra bragði alla þá þjónustu sem mögulegt væri að fá og séð til þess að hún fengi hana. Konan kunnir vel að meta að þurfa ekki að finna út sjálf á hverju hún ætti rétt. Þessi móðir fékk mikinn andlegan stuðning, sálfræðiviðtöl og stuðning heim sem hún sagði að hefði létt sér lífið. Önnur kona í viðmælendahópnum segist enn vera að bíða eftir stuðningi heim. Barnaverndarstarfsmaður hafi ætlað að athuga möguleika hennar en nú séu komin þrjú eða fjögur ár síðan.

7.4 Heilbrigðisþjónusta

Árið 2010 var gengið frá samkomulagi við þáverandi heilbrigðismálaráðuneyti um heilbrigðisþjónustu við dvalarkonur Kvennaathvarfsins þess efnis að þær gætu leitað á Heilsugæslu Miðbæjar. Samkomulagið leysir brýnan vanda því nokkuð algengt er að dvalarkonur og/eða börn þeirra þurfi lækniaðstoð sem þær hafa ekki allar aðgang að af ýmsum orsökum. Sem dæmi má nefna réttindaleysi, búsetu í öðru bæjarfélagi, erfiðleika við að sækja sína eigin heilsugæslu og fleira. Í dagbókarfærslum má sjá að 53 konur nýttu sér þessa aðstoð eða 41% dvalarkvenna. Þar af voru 25 konur frá löndum innan EES (44%) og 28 konur utan EES (38%). Meðtaldar eru heimsóknir á Neyðarmóttöku vegna áverka.

Viðtöl:

Starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar kemur við sögu í frásögnum tveggja viðmælanda af tíu. Önnur segir ljósmóður sína hafa stutt vel við bakið á sér á erfiðri meðgöngu en hin á ekki orð til að þakka læknum sem tók á móti henni á sjúkrahúsi fyrir hjálpina. Hún segir hann hafa verið fljótan að sjá að konan bjó við ofbeldi bara á því hvernig maðurinn hennar talaði við hana á sjúkrahúsinu. Læknirinn sagði henni frá Kvennaathvarfinu og bauð henni að hringja sem hún gerði. Konan kom síðan í sína fyrstu dvöl skömmu síðar.

7.5 Lögfræðiráðgjöf

Konur af erlendum uppruna hafa í mörg ár fengið lögfræðiráðgjöf sér að kostnaðarlausu sem fjármögnuð hefur verið af Reykjavíkurborg. Í fyrstu var hún veitt í Alþjóðahúsi, síðan Félagsþjónustu Miðborgar og Hlíða og nú hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Sú þjónusta hefur nýst mörgum vel, en rannsóknargögn sýna að 40 konur hafa fengið ráðgjöf, sem gerir 31% ef tekið er mið af konunum 130. Nokkur munur er á hópnum tveimur í þessu samhengi. Konur utan EES leita frekar ráðgjafar, eða 29 (40%) en ellefu konur innan EES hafa nýtt sér þjónustu lögfræðings (19%). Þennan mun má skýra meðal annars með því að konur utan EES leita gjarnan ráðgjafar vegna dvalarleyfis auk hefðbundinna upplýsinga varðandi skilnað og forsjá. Frá því 2011 hefur dvalarkonum Kvennaathvarfsins einnig staðið til boða að fá ráðgjöf lögfræðinema á meistarastigi í Háskólanum í Reykjavík undir handleiðslu kennara við skólann. Úrræðið hefur gagnast vel en fáar konur hafa enn sem komið er nýtt sér það.

Viðtöl:

Konurnar þrjár sem töluðu um lögfræðiráðgjöf voru jákvæðar og ánægðar með þjónustuna. Ein konan kvaðst hafa verið svo ánægð að finna virðingu, að finna að hún ætti rétt eins og allir hinir. Hún lýsir yfir ánægju að þessi þjónusta sé til staðar og hafa fengið vitneskju um hana. Segist ekki hafa vitað af þjónustunni og bendir á að eflaust viti margar erlendar konur ekki af henni. Önnur segist ánægð með lögfræðiráðgjöfina, lögfræðingurinn hafi hringt í Útlendingastofnun fyrir hana og útskýrt að hún hefði ekkert að óttast varðandi dvalarleyfi. Það viðtal veitti konunni öryggi og hún varð róleg.

7.6 Lögfræðiþjónusta

Í þeim tilfellum sem lögfræðiráðgjöf gagnast ekki eingöngu þurfa dvalarkonur að ráða lögfræðing til að sinna sínum réttindamálum. Taldar eru 28 konur sem keyptu slíka þjónustu eða 22%. Þar er meirihluti kvennanna einnig frá löndum utan EES, tuttugu á móti átta EES-konum sem gerir 27 og 14%.

Viðtöl:

Ein konan segir lögfræðikostnað háan og erfitt að borga slíkt.

7.7 Lögregla

Þar sem ofbeldi á sér stað er lögregla gjarnan kölluð til. Það liggur því í augum uppi að Kvennaathvarfið vinnur náið með lögreglu. Lögregla kemur með sumar konur og börn þeirra í Athvarfið eftir að hafa verið kölluð á heimili þar sem ofbeldi á sér stað. Einnig geta dvalarkonur fengið lögreglufylgd heim til að ná í helstu nauðsynjar/persónulegar eigur ef þannig stendur á. Undanfarin ár hefur Athvarfið átt sinn sérstaka tengilið hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Starfskonur eiga greiðan aðgang að þessari lögreglukonu sem þær getað vísað á ef dvalarkonur þurfa upplýsingar varðandi kærufjerli eða annað tengt þeirra málum sem þarfnast aðkomu lögreglu. Lögreglukonan kemur einnig í Athvarfið ef nauðsyn krefur og ræðir við konur þar.

Tafla 12: Þjónusta lögreglu við konurnar í rannsókninni

	Koma í fylgd lögreglu	Fá lögreglufylgd heim	Upplýsingar um kærufjerli
Konur innan EES (57)	16 (28%)	7 (12%)	11 (19%)
Konur utan EES (73)	25 (34%)	11 (15%)	15 (21%)
Samtals (130)	41 (32%)	18 (14%)	26 (20%)

7.8 Sýslumannsembætti

Í rannsóknargögnum má lesa að 30 konur (23%) leituðu til sýslumannsembætta til að sækja um skilnað og/eða ganga frá forsjármálum barna. Þar af eru 22 utan EES (30%) en átta (14%) frá löndum innan EES. Viðtalskonurnar voru spurðar hvernig þeim líkaði þjónustan hjá Sýslumanni. Engin setti út á þjónustuna en ein konan spurði hvað væri með fólkið þar og bætti við að „allir væru svo strangir“ í þeirri merkingu að þar væri þungt yfir fólki.

7.9 Útlendingastofnun

Alltaf eru einhverjar konur sem þurfa að eiga samskipti við Útlendingastofnun á meðan á dvöl stendur. Á rannsóknartímabilinu kemur fram að 12 konur hafi verið þeim sporum eða 8%, 10 konur frá löndum utan EES (14%) og 2 frá EES löndum (3%). Þess ber að geta að mun fleiri lýsa yfir áhyggjum af dvalarleyfi eða um það bil 30% kvennanna eins og fram hefur komið. Þessi mismunur getur stafað af því að ekki er vitað eða skráð í dagbækur hvort þær hafi farið í Útlendingastofnun vegna dvalarleyfis eða búsetumála á Íslandi.

8. LOKAORÐ

Hlutverk Kvennaathvarfsins er að aðstoða allar konur sem til þess leita vegna ofbeldis í nánnum samböndum. Til að sinna þessu verkefni af kostgæfni er nauðsynlegt að fylgja þeim breytingum sem orðið hafa á íslensku samfélagi síðustu árin en þær má merkja meðal annars á auknum fjölda dvalarkvenna af erlendum uppruna. Aukin þekking á lífi, upplifun og aðstæðum þeirra auðveldar starfskonum alla aðstoð, hvort heldur er með praktísk mál í íslensku samfélagi sem þær þekkja misvel eða mál af tilfinningalegum toga. Því er ánægjulegt að mikill meirihluti þeirra kvenna sem tók þátt í rannsókninni var ánægður með þjónustu Kvennaathvarfsins og aðra aðstoð sem þær fengu. Þeirri gagnrýni sem fram kom á aðstoð og starfsemi er komið á framfæri í niðurstöðum rannsóknarinnar og leiðir vonandi til úrbóta.

Árið 2009 var gerð rannsókn á upplifun og aðstæðum kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið. Þar kom fram að lagaleg staða kvenna frá löndum utan EES í íslensku samfélagi er í mörgum tilvikum viðkvæm og dvöl fyrstu árin ræðst af sambandi við ofbeldismann. Starfskonur hafa haft sterkan grun um að þessi hópur kvenna færi frekar heim í óbreytt ástand en aðrar konur sem leita aðstoðar Athvarfsins. Fyrir því hefur hins vegar ekki legið staðfest vitneskja þar til niðurstöður rannsóknarinnar sem hér er kynnt sýna að tilgáta starfskvenna var rétt. Líklegt er að rekja megi orsakir þess til réttinda kvennanna til dvalar í landinu en það markar sérstöðu þessa hóps miðað við aðrar konur í rannsókninni. Í því samhengi má einnig nefna að þær eiga íslenskan mann í meiri hluta tilvika á meðan konur frá löndum innan EES koma til dvalar vegna manns af sama uppruna.

Það kom ánægjulega á óvart hversu stór hluti erlendra kvenna fer heim í nýjar eða breyttar aðstæður óháð uppruna. Þær eru ívið fleiri en íslensku konurnar í samanburðarhópnum og þegar betur er að gáð má sjá að konur frá löndum utan EES eru hlutfallslega flestar til að taka þessa ákvörðun.

Ofbeldi í nánnum samböndum fer ekki í manngreinarálit. Segja má að eðli þess mæti konum á jöfnun tilfinningalegum grunni óháð uppruna eins og lesa má til dæmis í frásögn kvennanna sem deildu sögu sinni hér. Öll aðstoð er af hinu góða en árangurinn veltur yfirleitt á einstaklingnum sjálfum eins og sést í eftirfarandi orðum einnar

konunnar sem rætt var við í rannsókninni. Hún lýsir því þannig hún hafi haft aðgang að allri þeirri hjálpi sem hún þurfti til að slíta sínu ofbeldissambandi en tálminn hafi verið hún sjálf. Leyfum hennar eigin orðum að hljóma í lokin:

Allt snýst um mig. Ef ég er tilbúin fyrir hjálpina eða ekki. Ef já, þá er þjónustan góð, ef ekki er hún ekki góð. Það er auðvelt að verða fórnarlamb og kenna einhverjum öðrum um.